



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Hugvísindasvið

„Hið persónulega er pólitískt“

vs.

„Kvennapólitískt gildismat“

Hugmyndafræði og stefnumál
Rauðsokkahreyfingarinnar og Kvinnalíftans
í sögulegu samhengi

Ritgerð til B.A.-prófs

Sara Hrund Einarsdóttir

Október 2012

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

„Hið persónulega er pólitískt“

vs.

„Kvennapólitískt gildismat“

Hugmyndafræði og stefnumál
Rauðsokkahreyfingarinnar og Kvinnalistans
í sögulegu samhengi

Ritgerð til B.A.-prófs

Sara Hrund Einarsdóttir

Kt.: 071080-5369

Leiðbeinandi: Ragnheiður Kristjánsdóttir

Október 2012

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um hugmyndafræði og stefnumál Rauðsokkahreyfingarinnar og Kvinnalistsans, sem og baráttuaðferðir þeirra fyrir bættem kjörum kvenna. Einnig verður reynt að varpa ljósi á hugmyndafræði beggja hreyfinga í sögulegu samhengi.

Áherslur Rauðsokkahreyfingarinnar og Kvinnalistsans voru líkar að mörgu leyti; þær voru báðar róttækar á sinn hátt og mótmæltu ríkjandi viðhorfum og kerfisbundinni kúgun þjóðfélagsins. Aftur á móti voru baráttuaðferðir þeirra mjög ólíkar. Aðferðir Rauðsokkahreyfingarinnar voru byggðar á róttækum femínisma. Rauðsokkahreyfingin lagði áherslu á áhrif feðraveldisins á stöðu kvenna í samfélaginu og taldi að mikilvægt væri að kollvarpa öllum stofnunum samfélagsins og byggja á nýjum grunni með breyttu viðhorfi. Kvinnapólitískt gildismat var hins vegar vopn Kvinnalistsans og var áhersla lögð á „kvennamenningu“ sem átti að vera sameiningartákn kvenna til að ná fram jafnrétti. Einn megintilgangur þessarar ritgerðar er að rannsaka áherslumun hreyfinganna og íhuga í því samhengi hvort það skiptir einhverju máli undir hvaða formerkjum kvennabaráttan er háð. Einnig verður litið til þess hvort hugmyndir þessara beggja hreyfinga voru nýjar af nálinni og hvernig þróun femínisma hefur áhrif á jafnréttisbaráttu hvers tíma fyrir sig.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Efnisyfirlit	2
Inngangur	3
1 Femínismi	6
1.1 Hvað er femínismi?	6
1.2 Bylgjurnar þrjár	7
2 Rauðsokkahreyfing „Hið persónulega er pólitískt“	14
2.1 Stutt ágrip um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar	14
2.2 Hugmyndafræði Rauðsokkahreyfingarinnar	16
2.3 Stefnumál Rauðsokkahreyfingarinnar	19
2.4 Hugmyndafræði og stefnumál Rauðsokkahreyfingarinnar nýjar af nálinni?	26
3 Kvinnalístin „Kvennapólitískt gildismat“	29
3.1 Stutt ágrip um upphaf hreyfingarinnar	29
3.2 Hugmyndafræði Kvinnalístans	33
3.3 Stefnumál Kvinnalístans	37
3.4 Hugmyndafræði og stefnumál Kvinnalístans nýjar af nálinni?	40
Niðurstöður	43
Heimildaskrá	46

Inngangur

Alveg frá því ég man eftir mér hef ég leitt hugann að kvenréttindum og öðru sem snertir konur, stöðu þeirra í samfélaginu, kjör þeirra og aðstæður. Það er kannski engin furða þar sem móðir mín var framkvæmdastýra Kvennaathvarfsins í mörg ár og ég á ótal minningar þaðan um konur sem höfðu verið beittar kynbundnu ofbeldi. Ég stóð átta ára gömul í Kolaportinu og seldi barmmerki til styrktar Kvennaathvarfinu og átti þá mörg samtöl við bæði konur og karla, sem sáu ástæðu til að rökræða við mig um jafnrétti kynjanna. Í mínum huga voru óbyggjandi sannindi að konur voru beittar ofbeldi á grundvelli kyns síns og ég sá þetta sem alþekkt samfélagslegt mein sem þyrfti að útrýma. Ég man vel eftir þessum degi í Kolaportinu, sérstaklega vegna þess að þar áttaði ég mig á því að það voru alls ekki allir sammála mér varðandi þessi mál. Ég varð undrandi þegar fólk vildi ekki styrkja Kvennaathvarfið á þeim forsendum að konur gætu bara sjálfum sér um kennt. Þrátt fyrir að vera aðeins átta ára svaraði ég þessu fólk fullum hálsi, fyrir hönd allra kvenna. Litla femíniska hjartað mitt var byrjað að slá. Á fullorðinsárum mínum hef ég verið mjög virkur femínisti og fyrir mér er femínismi pólitísk barátta, einmitt vegna þess að hið persónulega er pólitískt og snertir allt sem viðkemur lífinu.

Sú reynsla sem ég hef öðlast í lífinu hefur haft mikil áhrif á val mitt á viðfangsefni þessarar ritgerðar. Þegar sagan er rannsökuð með kynjafræðilegri nálgun er nauðsynlegt að þróa með sér skilning á stöðu kvenna í þjóðfélaginu. Félagsleg staða kvenna hefur haft þau áhrif að konur eru frávik í sögu okkar: sagan segir oftast frá valdamiklum einstaklingum á opinberum vettvangi og þar hafa karlar verið í aðalhlutverki.¹ Í þessu samhengi ákvað ég að skrifa um tvær helstu samtíma kvenréttindahreyfingar á Íslandi 20. aldar. Ég vonast til að geta átt hlut í að varpa ljósi á þessar hreyfingar og gefa sögu þeirra meira vægi en hún hefur nú þegar. Þessar tvær kvenréttindahreyfingar sem um er rætt eru Rauðsokkahreyfingin og Kvinnalistinn.

Rauðsokkahreyfingin og Kvinnalistinn áttu sér það markmið að gera grein fyrir misrétti milli kynjanna og reyna að ná fram raunverulegu jafnrétti kynja á öllum sviðum þjóðfélagsins. Baráttuaðferðir þessara hreyfinga voru ólíkar og féllu misvel í kramið hjá

¹ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 35–36.

almennungi. Rauðsokkahreyfingin lagði áherslu á áhrif feðraveldisins á stöðu kvenna í samfélaginu og taldi að mikilvægt væri að kollvarpa öllum stofnunum samfélagsins og byggja á nýjum grunni með breyttu viðhorfi. Kvinnalistinn lagði aftur á móti áherslu á „kvennamenningu“ sem átti að vera sameiningartákn kvenna til að ná fram jafnrétti.

Í ritgerðinni verður áherslumunur þessara hreyfinga skoðaður sérstaklega. Hver var munurinn á baráttuaðferðum þeirra og hugmyndum? Skiptir það einhverju máli hvernig baráttan fer fram og undir hvaða formerkjum hún er háð?

Til að öðlast dýpri skilning á þessum tveimur kvenréttindahreyfingum, sem höfðu áþreifanleg áhrif á bætt kjör kvenna á Íslandi, verður ekki hjá því komist að greina frá „femínisma“ og „bylgjunum þremur“ og verður það gert í fyrsta kafla. Með því móti er auðveldara að skilja sögulega þróun femínisma og kvenréttindabaráttuna og einnig hvernig þessi þróun tengist okkur í samtímanum.

Í öðrum kafla verður greint frá upphafi Rauðsokkahreyfingarinnar, hugmyndafræði og stefnumálum þeirra. Við þá greiningu styðst ég aðallega við tímaritið *Forvitin rauð* og rannsóknir og skrif þeirra sem voru í hreyfingunni. Markmiðið er að varpa ljósi á starfsemi hreyfingarinnar, áherslur þeirra og tilgang.

Í þriðja kafla verður fjallað um Kvinnalistann. Þar hef ég til hliðsjónar mál gagn Kvinnalistans, þ.e. tímaritið *Veru* og skrif þeirra kvenna sem voru í Kvinnalistanum. Einnig notast ég við gagnasafnið www.timarit.is. Tilgangurinn er að öðlast skilning á samtíma þessara hreyfinga. Fyrstu ár Kvinnalistans voru mótunarár sem endurspeglar vel hugmyndir þeirra um baráttuaðferðir, hugmyndafræði og stefnumál. Þessi mótunarár verða sérstaklega tekin fyrir.

Á undanförunum árum hafa komið út tvær bækur um þessar hreyfingar sem hafa nýst vel við þessa rannsókn. Árið 2007 kom út bókin „*Hlustaðu á þína innri rödd*“ eftir Kristínu Jónsdóttur, sem fjallar á vandaðan og ítarlegan hátt um upphaf Kvannaframboðs í Reykjavík og Kvinnalistans, hugmyndafræði þessara hreyfinga og stjórnmalastarf fram til ársins 1987. Árið 2011 kom út bókin *Á rauðum sokkum. Baráttukonur segja frá* en sú bók miðlar sýn og upplifun rauðsokkakvenna sjálfra.

Þrátt fyrir að ég hafi ekki verið fædd á tíma Rauðsokkahreyfingarinnar og hafi einungis verið á barnsaldri þegar Kvinnalistinn starfaði, horfi ég ekki hlutlausum augum á viðfangsefni þessarar ritgerðar. Ég er róttækur femínisti og hef ákveðna

skoðun á baráttuaðferðum kvenréttindahreyfinga, ég er sagnfræðinemi með kynjafræði sem aukafag og ég er kona. Að þessu leyti er ég því ekki hlutlaus þegar kemur að þessari rannsókn.

1 Femínismi

1.1 Hvað er femínismi?

Flestir eru jafnréttissinnaðir. Flestir trúa því að jafnrétti milli kynja eigi að ríkja og margir telja að jafnrétti hafi verið náð. Þá er oft verið að miða við ákvæði laga og reglna sem gilda innan samfélagsins. Að vera jafnréttissinnaður einstaklingur þykir jákvætt í íslensku samfélagi og jafnvel mætti segja að þeir sem opinberuðu andúð sína á jafnrétti yrðu litnir hornauga. Þrátt fyrir það vilja færri bendla sig við femínisma og sumir eru jafnvel á þeirri skoðun að femínismi sé hættulegur og ekki réttlætishugtak. Aðrir eru á þeirri skoðun að hlutverki femínisma sé lokið og að hann sé óþarfur í vestrænni menningu samtímans. Margir, sem eru á þessari skoðun, segja að femínisminn hafi verið áhrifamestur í lok 19. aldar og byrjun 20. aldar og hafi komið af stað byltingu sem endaði með því að jafnrétti kynjanna varð tryggt með lögum, alþjóðlegum sáttmálum og pólitískum aðgerðum. Eftir það hafi konur og karlar haft sömu möguleika og tækifæri í lífinu og þ.a.l. eigi femínismi ekki lengur erindi í samtímanum sem pólitísk hugmyndafræði.² Rétt er að taka fram að almennt telja íslenskir femínistar þessar skoðanir ekki eiga rétt á sér, m.a. í ljósi þess að launamunur kynjanna er viðvarandi, konur eru fáar í stjórnnum fjármálastofnana og vegna þess að Ísland er nú orðið hluti af heimsmarkaði klámvæðingar og mansals, sem er sívaxandi alþjóðlegt vandamál.

„Femínismi“ er hugtak sem ekki er auðvelt að skilgreina en í stuttu máli byggist femínismi á ákveðnum samfélagsskilningi, hann er útfært hugmyndakerfi og greinir kynjamun og valdamisræmi milli kynjanna í samfélaginu. Á meðal femínista eru hins vegar ýmis pólitísk sjónarmið og hugmyndir. Það eru til margar skilgreiningar á femínisma og er engin þeirra endanleg því femínismi er ekki skilyrðislaus pólitísk hugmyndafræði heldur lifandi afl í stöðugri þróun.³ Þrátt fyrir að femínismi hafi þróast á marga vegu má segja að langflestar femínískar stefnur beini athygli að því hvernig félagslegar stofnanir og viðhorf innan hvers samfélags afmarki stöðu kvenna. Femínismi er verkfæri til að hugsa, lifa og vinna að jafnrétti kynjanna. Femínismi er því hugmyndafræði sem við notum sem verkfæri til að greina hvar misréttið liggur í samfélaginu og gefur femínistum þess vegna möguleika til að jafna hlut kynjanna.

² Sigríður Þorgeirsdóttir, „Um meintan dauða femínisma“, bls. 78–79.

³ Þorgerður Einarsdóttir, „Jafnrétti án femínisma, pólitík án fræða“, bls. 10 og 16.

Þetta þýðir þó ekki að allar gerðir femínisma séu jafn öflugar, hvað þá að allar skili góðum árangri. Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði, lýsir því vel hvað gerir einn femínista betri en annan á eftirfarandi hátt: „Það sem gerir einn femínista betri en annan er það hreyfiafl sem hann býr yfir á tilteknum tíma við tiltekna aðstæður. Það hreyfiafl er háð þeirri greiningu á samfélagi og menningu sem stoðir hans byggja á“.⁴

Algennt er að setja alla femínista undir sama hatt í almennri umfjöllun, þrátt fyrir að margar skilgreiningar séu til á hugtakinu femínismi. En ég tel að það sem allir femínistar eigi sameiginlegt sé það markmið þeirra að ná fram raunverulegu jafnrétti milli kynjanna. Hitt er svo annað mál hvernig fólk túlkar „raunverulegt jafnrétti“.

Femínismi er til í mörgum birtingarmyndum og sem dæmi er hægt að greina femínískar stefnur út frá pólitík. Í því samhengi má t.d. nefna frjálslýndan femínisma, sósíalískan femínisma, róttækan femínisma og áfram mætti lengi telja. Einnig hefur femínismi verið kenndur við sérstaka hópa og þannig verður til svartur femínismi, lesbískur femínismi, þriðja heims femínismi, umhverfisfemínismi o.s.frv.⁵ Í næsta kafla verður gerð grein fyrir pólitískum stefnum femínismans en ekki er unnt að fjalla um allar birtingarmyndir femínisma að þessu sinni, nema upp að ákveðnu marki. Einnig verður fjallað um „bylgjurnar þrjár“ í femínískum fræðum, en svo hafa ákveðin tímabil innan femínismans verið kölluð. Innan hvernar bylgju, eða tímabils, ná stefnur og straumar hámarki og ákveðin markmið voru sett.

1.2 Bylgjurnar þrjár

Fyrsta bylgja u.þ.b. 1870–1920⁶

Saga femínisma hófst á baráttu kvenna fyrir borgaralegum réttindum um miðbik 19. aldar og varð mest áberandi á Íslandi í byrjun 20. aldar. Fyrsta bylgjan hófst með því að konur í Evrópu og Bandaríkjunum hófu að mótmæla stöðu sinni innan samfélagsins. Þær vildu borgaraleg réttindi og aðaláherslan var á kosningarétt kvenna. Fyrsta bylgja femínisma einkenndist af frjálslýndum/borgaralegum femínisma en aðaláherslur voru að berjast fyrir réttindum innan kerfisins. Þegar lagasetningar um jafnrétti kynja innan

⁴ Þorgerður Einarsdóttir, „Jafnrétti án femínisma, pólitík án fræða“, bls. 11.

⁵ Þorgerður Einarsdóttir, „Jafnrétti án femínisma, pólitík án fræða“, bls. 10.

⁶ Þorgerður Einarsdóttir: „Hið vísindalega er pólitískt, femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga“, bls. 213.

samfélagsins hefðu verið settar, þá sérstaklega á sviði hins opinbera, væri jafnrétti náð. Þetta er ein elsta stefnan og gekk hún aðallega út á lýðræði og baráttu gegn formlegri útilokun kvenna frá opinberum málefnum.⁷ Vitundarvakning þessara kvenna breiddist svo út eins og eldur í sinu. Sem dæmi um einstakling sem gegndi viðamiklu hlutverki í fyrstu bylgju femínisma er John Stuart Mill (1806-1873) og var hann frjálslyndisfemínisti. Í riti sínu, *Kúgun kvenna*, talar Mill um mikilvægi þess að konur öðlist sömu lagaleg réttindi og karlmenn.⁸

Sósíalískur femínismi var einnig áberandi í fyrstu bylgjunni, en samkvæmt sósíalískum femínisma byggist kúgun kvenna á efnahagslegu ósjálfstæði þar sem hún er afleidd af stéttakúgun.⁹ Samkvæmt sósíalískum kenningum ákvarðaðist kúgun kvenna af framleiðslu og skiptingu eigna. Þess vegna þurfti að gera byltingakennda breytingu á samfélaginu og þessar breytingar gætu einungis átt sér stað undir stjórn sósíalisma.¹⁰ Sú kona sem þekktust er fyrir að hafa haldið á lofti þessu sjónarmiði var Clara Zetkin. Zetkin var fædd árið 1857 í Saxlandi og var einhver helsti forvígismaður í frelsisbaráttu kvenna, fyrst og fremst kvenna af verkalýðsstétt, en hún taldi að það yrði ekkert kvenfrelsi án sósíalisma og enginn sósíalismi án kvenna.¹¹

Á Íslandi virðist hugmyndin um að jafnrétti væri mögulegt hafa kviknað í lok 19. aldar. Sumar konur vildu fá að mennta sig, hafa val um örlög sín og fá að standa jafnhliða karlmönnum á opinberum vettvangi. Þessar konur vildu hafa rétt til að kjósa, hafa skoðanir sem tengdust þjóðfélagsmálum og jafna möguleika með lagabótum. Hugmyndir um eðli kvenna virðast hafa legið djúpt í rótum íslensks samfélags eins og víðast annars staðar í vestrænum heimi. Á þessum tíma þótti sjálfsagt að konur tækju fúsar við heimilisverkum og ynnu af alúð að öllum þeim verkefnum sem þurfti að inna af hendi innan heimilisins. Uppeldi barna spilaði þar stóran þátt og konur voru ábyrgar fyrir mótun góðra samfélagsþegna til framtíðar.¹² *Kvennablað* Bríetar Bjarnhéðinsdóttur

⁷ Þorgerður Einarsdóttir: „Hið vísindalega er pólitískt, femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga“, bls. 214.

⁸ Margaret L. Andersen. *Thinking about Women*, bls. 362.

⁹ Margaret L. Andersen, *Thinking about Women*, bls. 386. (Sjá einnig: Þorgerður Einarsdóttir, „Hið vísindalega er pólitískt“, bls. 206.)

¹⁰ Margaret L. Andersen, *Thinking about Women*, bls. 3853–86.

¹¹ Þorgerður Einarsdóttir: „Hið vísindalega er pólitískt, femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga“, bls. 214.

¹² Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil. Saga kvenréttindafélags Íslands 1907–1992*, bls. 109.

fjallaði oft um þessi málefni, en almennt viðhorf birtist í greininni „Hugsjónir og staðreynd“. Þar segir að mikilvægt sé fyrir konur að hafa vitneskju um álit karlmannna á konum og störfum þeirra. Þeir telji almennt að konur eigi að halda sig við heimilin, þær eigi að vera húsmæður og mæður því annað sé þeim ekki eðlislægt. Þar segir einnig:

Og oft höfum vér heyrt lofsöngva karlmannna yfir kvenlegu konunum, sem sköpuðu þessi fyrirmyndar Paradísarheimili, sem enga bletti hefðu nema ef til vill, óhreinu skóförin karlmannna, sem þær ættu sem fyrst að þvo burt ... Nú á þinginu heyrðum vér kvenþjóðinni sungin fögur lofsöngsljóð. Hennar innsta eðli væri að vera sá vafningsviður, sem vefðist upp að karlmanninum.¹³

Frumkvöðlar fyrstu bylgju femínisma á Íslandi eru án efa Bríet Bjarnhéðinsdóttir og séra Ólafur Ólafsson. Sr. Ólafur Ólafsson skrifaði fyrirlestur um frelsi, menntun og réttindi kvenna í Reykjavík árið 1891 þar sem hann lýsti konum sem olnbogabörnum. Hann furðaði sig á hvernig landsmenn gætu komið fram við dætur sínar, systur og eiginkonur og taldi að misréttið væri rótgróið í samfélaginu sem endurspegladist í uppeldi stúlkna.¹⁴ Hann lýsti því hvernig gert var upp á milli barna og hvernig orðræða innan heimilisins gat haft með sér slæmar afleiðingar. Vegna uppeldis og viðhorfs samfélagsins lærðu konur að vera undirgefnar. Sr. Ólafur skrifaði:

Þegar lög mannfjelagsins fara að skipta með þeim, þá skamta þau karlkyninu rjettindin, kvenkyninu skyldurnar, karlkyninu frelsið, kvenkyninu þrældóminn, karlkyninu menntunina og þekkinguna, kvenkyninu fáfræðina og vanþekkinguna: og allt af er sama viðkvæðið, allt af sama ástæðan: Af því að þú ert kvenmaður, en hann karlmaður.¹⁵

Bríet Bjarnhéðinsdóttir lék eitt af aðalhlutverkum í fyrstu bylgju femínisma á Íslandi. Hún lagði mikla vinnu í að fá í gegn frumvarp um aðgöngurétt kvenna að öllum skólum, styrkjum og embættum. Hannes Hafstein lagði þetta frumvarp fram en Bríet átti frumkvæðið að lagasetningunni. Frumvarpið um jafnrétti karla og kvenna til náms og embætta var samþykkt þann 22. apríl 1911.¹⁶ Konur á Íslandi voru seinni en aðrar

¹³ „Hugsjónir og staðreynd“, *Kvennablaðið*, 11. apríl 1911, bls. 9–10.

¹⁴ Ólafur Ólafsson, *Olnbogabarnið. Um frelsi, menntun og rjettindi kvenna*, bls. 3 og 6.

¹⁵ Ólafur Ólafsson, *Olnbogabarnið. Um frelsi, menntun og rjettindi kvenna*, bls. 7–8.

¹⁶ Bríet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið*, bls. 117.

norrænar konur til að öðlast rétt til menntunar, en það sem er sérstakt við þessa lagasetningu er að hún tryggði konum einnig aðgengi að öllum embættum, en það gerðist aðeins síðar á hinum Norðurlöndunum.¹⁷

Önnur bylgja u.þ.b. 1949–1980

Í lok fyrstu bylgjunnar var talið að jafnrétti milli kynjanna hefði verið náð þar sem lagalegum réttindum hafði verið komið á. Þess vegna varð lægð í jafnréttisbaráttunni og á næstu árum veiktist kvennahreyfingin. Því hafa árin frá 1920–1960 verið kölluð þöglu árin. Erlendar fræðikonur hafa þó gagnrýnt þessa söguskoðun, það er að segja að kvennabarátta í alþjóðlegu samhengi hafi verið óvirk á þessum tíma. Þær telja að kvennabarátta geti verið baráttu þrátt fyrir að hún sé ekki sýnileg og engin augljós baráttumál til að berjast fyrir.¹⁸ Mikil gróska var til staðar á þessu tímabili og má þar nefna sem dæmi bók Simone de Beauvoir, *Hitt kynið*, en hún kom út árið 1949 og vakti mikla athygli. Með þessum rökum mun ég halda því fram að önnur bylgjan hafi hafist árið 1949, þrátt fyrir að sumar sögubækur segi annað.

Beauvoir kom með þá hugmynd að kona fæddist ekki kona, hún verði kona. Að þeir eiginleikar sem við eignum kynjunum séu ekki frá náttúrunnar hendi heldur séu menningarlega og sögulega til orðnir. Þetta er túlkað sem svo að við fæðingu séum við þegar af einhverju kyni, en kyngervið tökum við smám saman á okkur eftir því sem við vöxum úr grasi. Kyngervið er þá mótað vegna samfélagslegra áhrifa.¹⁹ Önnur hugmynd Beauvoir, sem vakti mikla eftirtekt í annarri bylgjunni, var að sagan hafði sýnt fram á að karlmenn hefðu alltaf haft völdin í sínum höndum, frá upphafi feðraveldis, og þannig haldið konum niðri. Karlmaðurinn er viðmiðið og konan er skilgreind út frá því. Lög og reglur hafa því verið settar gegn konum og þar með hefur konan orðið hitt kynið.²⁰

Í Bandaríkjunum er talað um að önnur bylgjan hafi brostið á um og upp úr 1960. Þar var lögð áhersla á fjölbreytilegan uppruna fólks og róttækar aðgerðir. Konur sem unnu að borgaralegum réttindum allra þegna, óháð kynþætti, komu fljótlega auga á eigin

¹⁷ Þorgerður Einarsdóttir, „Er menntun lykillinn að jafnrétti?“, bls. 12.

¹⁸ Þorgerður Einarsdóttir, „Hið vísindalega er pólitískt, femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga“, bls. 208–209.

¹⁹ Simone de Beauvoir, *The Second Sex*, bls. 35–37. (Sjá einnig umsögn um beauvoirískar hugmyndir í grein, Ásta Kristjana Sveinsdóttir, „Fólkstegundir, um veitingu félagslegra eiginleika“, bls. 57.)

²⁰ Simone de Beauvoir, *The Second Sex*, bls. 171.

kúgun innan samfélagsins. Þær fóru að hafa orð á því að réttindi kvenna hefðu gleymst, og ekki nóg með það, heldur voru svartar konur síðastar á forgangslistanum.²¹

Með '68 kynslóðinni varð eins konar vitundarvakning. Kvenréttinda- eða mannréttindabylgja reis víða um heim þar sem einstaklingar og/eða hópar voru farnir að gera sér betur grein fyrir stöðu sinni innan samfélagsins. Bók Simone de Beauvoir, *Hitt kynið*, ruddi brautina og hér á Íslandi má nefna Svövu Jakobsdóttur rithöfund, en hún skrifaði tvær bækur í þessum anda; *Tólf konur* sem kom út árið 1965 og *Veisla undir grjóttvegg* sem kom út árið 1967. Þessar bækur lýsa innantómu lífi kvenna, sem reyna að gefa lífinu gildi með því að búa sér til gerviparfir. Þessar bækur höfðu án efa áhrif á rauðsokka og vöktu bækurnar athygli almennings þar sem opnað var fyrir umræður um stöðu kvenna og gildi þeirra í samfélaginu.²²

Önnur bylgjan einkenndist af róttækum femínisma og aðalumhugsunarefnið var að ekki var nóg að ryðja úr vegi formlegum og lagalegum hindrunum, því forskot karla við núverandi þjóðskipulag var óumdeilt, heldur þyrfti að leiðrétta stöðu kvenna með nýrri nálgun. Hugmyndin var sú að undirskipun á grundvelli kyns var rótgróin í samfélaginu; völdin voru í höndum karlmannna og kynjamismunurinn var því sjálfstætt form undirskipunar.²³ Þessi nýja nálgun lagði því áherslu á að vinna þyrfti að því að grunnurinn á samfélagsgerðinni yrði byggður á jafnréttisgrundvelli.

Þriðja bylgja, u.þ.b. 1985

Þriðja bylgja femínisma er mjög frábrugðin hinum tveimur. Í fyrstu tveimur bylgjunum voru ákveðin markmið sett og konur unnu ötullega að því að rétta hlut sinn í samfélaginu. Misréttið var sjáanlegt og áþreifanlegt, sérstaklega þar sem konur urðu fyrir miklu efnahagslegu, lagalegu og menningarlegu órétti. Konur áttu auðvelt með að samsama sig öðrum konum, undir þeim formerkjum að konur væru undirokaðar í samfélaginu vegna kynferðis.

Sá árangur sem náðist eftir fyrstu tvær bylgjunnar gerði það að verkum að á tímum þriðju bylgjunnar hafa konur ekki fundið hliðstæða þörf fyrir femínisma og áður. Hugmyndir annarrar bylgjunnar, þ.e. að feðraveldið hafi hamlað framgöngu kvenna,

²¹ Margaret L. Andersen, *Thinking about Women*, bls. 339–341.

²² Bjarni Ólafsson, „Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak“, bls. 14–15.

²³ Þorgerður Einarsdóttir, „Hið vísindalega er pólitískt. Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga“, bls. 211–212.

hefur á tímum þriðju bylgjunnar verið álitin kúgunarorðræða. Þessi kúgunarorðræða hefur síðar verið nefnd fórnarlambsfemínismi af and-femínistum og fræðingum sem aðhyllast ekki femínisma. Þetta viðhorf varð áberandi í byrjun þriðju bylgjunnar. Sú orðræða sem kom í kjölfar kúgunarorðræðu róttækra femínisma lagði sterka áherslu á menningarfemínisma, gildisfemínisma eða kvennamenningu. Orðræðan gekk út á að konur ættu að hætta að líta á sig sem fórnarlömb, frekar viðurkenna menningu kvenna og reynsluheim þeirra, hefja konur og tilveru þeirra til vegs og virðingar.²⁴

Frjálslyndisfemínismi hefur fengið á sig nýja mynd og er áberandi í þriðju bylgjunni. Þá er gert ráð fyrir því að bæði konur og karlar geti gert allt á eigin ágæti, burtséð frá kyni, samfélagslegri stöðu og efnahag. Sumir fræðimenn telja þetta viðhorf mjög hættulegt því það getur haft þær afleiðingar að konur geri sér ekki grein fyrir raunverulegri stöðu sinni. Einnig getur þetta viðhorf orðið til þess að þeirri hugmynd er hafnað um að það sé til ríkjandi kynjakerfi sem standi í vegi fyrir framgöngu kvenna. Kynjakerfið er skilgreint sem „félagslegt yfirráðakerfi þar sem karlar njóta góðs af kerfisbundinni undirskipun kvenna“.²⁵ Þetta eru einungis dæmi um birtingarmyndir femínisma í þriðju bylgjunni því það sem er áberandi innan hennar er hversu víðtæk hún er og birtingarmyndir femínisma bæði margar og afar ólíkar.

Í tengslum við þriðju bylgju femínisma er oft talað um að ákveðið bakslag eigi sér stað þar sem margir hverjir telji að jafnrétti hafi verið náð. Það er að segja að kynslóðin á eftir annarri bylgju telur að bráttan hafi skilað þeim árangri sem þurfti til að ná fram lagalegu og efnahagslegu jafnrétti sem og viðhorfsbreytingunni sem til þurfti.²⁶ Einnig hefur hugtakið „femínismi“ fengið á sig neikvæða ímynd og einstaklingar sem eru jafnvel sammála mörgum hugmyndum femínisma, t.d. um launajafnrétti, baráttu gegn kynbundnu ofbeldi og fleira, eiga erfitt með að titla sig sem femínista. Ástæður fyrir því geta verið margar en ein ástæðan er sú að staðalímynd femínista er að femínistar séu reiðar konur sem hati karla og séu árásargjarnar. Hér er mikilvægt að taka það fram að margir femínistar eru karlmenn.²⁷ Þessi staðalímynd og (for)dómar, sem ég

²⁴ Þorgerður Einarsdóttir, „Hið vísindalega er pólitískt. Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga“, bls. 211–212.

²⁵ Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjakerfið. Úrelding í auglýningu eða viðvarandi kynjahalli?“, bls. 445.

²⁶ Margaret L. Andersen, *Thinking about Women*, bls. 342–343.

²⁷ Margaret L. Andersen, *Thinking about Women*, bls. 9–11.

tel það vera, hefur mikil áhrif og er án efa stór ástæða fyrir bakslaginu í þriðju bylgjunni.

2 Rauðsokkahreyfing

„Hið persónulega er pólitískt“

2.1 Stutt ágríp um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar

Á sjöunda áratug 20. aldar varð huglæg bylting í Evrópu og Bandaríkjunum og með vakningunni hófst menningarlegt andóf ýmissa minnihlutahópa.²⁸ Þessi bylting skilaði sér til Íslands og jafnréttisbaráttan vaknaði af þyrnirósarsvefni. Þrátt fyrir lög um launajöfnuð kvenna og karla sem sett voru árið 1961 (nr. 60, 29. mars) þar sem tekið var fram að fullum launajöfnuði skyldi vera náð þann 1. janúar 1967²⁹, þá voru konur undirokaðar í samfélaginu. Löggin voru aðeins í orði, en ekki á borði. Á þessum tíma öðluðust konur aukna menntun og fjöldi þeirra á vinnumarkaðnum fór vaxandi en kerfislæg staða þeirra og hlutverk breyttust ekki. Þær voru enn skilgreindar sem mæður og húsmæður og það varð því enn flóknara að finna jafnvægi milli hins opinbera sviðs og einkasviðs. Það var einfaldlega lítið um að konur væru áberandi á opinberum vettvangi og hið almenna viðhorf var að þeirra hlutverk væri fremur innan heimilis við umsjón þess og við uppeldi barna. Vegna þessara viðhorfa fóru konur að opna augun og urðu mun meðvitaðri um stöðu sína innan samfélagsins. Konur sáu að þær voru enn sniðgengnar alls staðar og karlmenn voru áberandi, hvert sem lítið var.³⁰ Það var þá sem konur vöknudu upp af þyrnirósarsvefni og lögðu til atlögu.

Rauðsokkahreyfingin var stofnuð af nokkrum ungum konum árið 1970. Hugmyndir að hreyfingunni höfðu þó blundað í sumum þessara kvenna í einhvern tíma áður en þeim var gefið líf. Umræður um kvenréttindastefnur og baráttumál kynjanna voru áberandi á Norðurlöndum á þessum árum og sóttu þessar konur hugmyndina til norrænna kynsystra sinna. Í Danmörku og Svíþjóð voru umræður um hreyfingar sem byggðu á svipaðari hugmyndafræði og Rauðsokkar gerðu síðar. Þessar umræður voru háværar og bárust fréttir af þeim hingað til Íslands. Rauðsokkar tóku sér sérstaklega til fyrirmyndar danska kvennahreyfingu, sem kallaði sig Rödströmperne, eftir að fregnir bárust um róttækan gjörning þeirra í strætisvagni í Kaupmannahöfn. Fulltrúar þessarar kvennahreyfingar neituðu að borga fullt verð í strætisvagn, þær vildu borga 80% af

²⁸ Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, *68 hugarflug úr viðjum vanans*, bls. 31.

²⁹ *Sjórnatíðindi*, bls. 171.

³⁰ Vilborg Sigurðardóttir, „Vitund vaknar – augun opnast“, bls. 477–478.

heildarverði þar sem kaup kvenna næmi aðeins 80% af launum karla.³¹ Vilborg Dagbjartsdóttir, ein af stofnendum Rauðsokkahreyfingarinnar á Íslandi, sagði samt sem áður í viðtali árið 1970: „Það er því ekki fjarri sanni...að fordæmið (hugmyndin að stofnun Rauðsokkahreyfingarinnar) væri fengið frá dönskum konum, sem undanfarið hafa látið mikið til sín taka og fréttirnar af þeim ýtt við okkur hérna, þótt ekki sé um bein tengsl að ræða og engan veginn eftiröpun“.³²

Þann 24. apríl 1970 komu saman 28 konur í Norræna húsinu til þess að ræða um stöðu kvenna í íslensku þjóðfélagi og hvort ekki væri orðið tímabært að vekja athygli á þessum málefnum. Á þessum fundi kom glögglega í ljós að mikill áhugi var fyrir hendi að stofna opin samtök sem ynnu að því að fá konur til að nýta réttindi sín í opinberu lífi. Aðalatriðið var að fá konur til að gera sér grein fyrir misréttinu og blása í þær kjarki til að sækja sér réttindi sín.³³

Rauðsokkar létu fyrst til sín taka opinberlega í 1. maí-göngu verkalýðsfélaganna árið 1970 enda, að þeirra mati, full ástæða til. Eins og Vilborg Dagbjartsdóttir, ein af stofnendum Rauðsokkahreyfingarinnar, sagði í grein sinni „Öreigalýður í velferðarþjóðfélagi“: „Hvað eru húsmæður annað en ólaunaður verkalýður?“³⁴ Viðbrögð forystumanna verkalýðshreyfingarinnar voru ekki jákvæð, enda hafði Rauðsokkahreyfingin ekki gert boð á undan sér. Rökin fyrir því að þær ákváðu að mæta í gönguna án þess að fá leyfi voru að þær mættu sem kvenfólk, en ekki félag. Lögreglan bað þær um að yfirgefa gönguna, í nafni fulltrúaráðs verkalýðshreyfingarinnar. Þær neituðu að hlýða og endaði með því að þær sáu sér ekki annað fært en að ganga aftast í röðinni, með bil á milli sín og aðalgöngunnar. Vilborg útskýrði viðbrögð forystumanna mjög vel á eftirfarandi hátt: „Verkalýðsforystan vill sem sé ekki taka ábyrgð á því að rumskað sé við kvenþjóðinni, það gæti óneitanlega dregið dilk á eftir sér á hverjum einasta vinnustað og heimilisfriðnum stofnað í voða.“³⁵

Hinn 14. júní 1970 var haldinn annar fundur, sem ekki var auglýstur opinberlega, en þá var kosin framkvæmdanefnd sem átti að undirbúa stofnun samtaka og boða til næsta

³¹ Bjarni Ólafsson, „Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak“, bls. 15–16.

³² Vilborg Dagbjartsdóttir, „Öreigalýður í velferðarþjóðfélagi“, *Þjóðviljinn* 22. maí1970, bls. 7.

³³ Ragnhildur Helgadóttir, „Selur þú þig í kvöld?“, bls. 81.

³⁴ Vilborg Dagbjartsdóttir, „Öreigalýður í velferðarþjóðfélagi“, *Þjóðviljinn* 22. maí1970, bls. 7.

³⁵ Vilborg Dagbjartsdóttir, „Öreigalýður í velferðarþjóðfélagi“, *Þjóðviljinn* 22. maí1970, bls. 7.

fundar með haustinu. Í september hittust þessar konur, sem voru í framkvæmdanefnd, og var þá ákveðið að form hreyfingarinnar yrði form grasrótahreyfingar sem Hildur Hákonardóttir hafði gert grein fyrir.³⁶

Stofnfundur hreyfingarinnar var haldinn þann 19. október 1970 í Norræna húsinu. Hugmyndir að skipulagi hreyfingarinnar voru ræddar og ákveðið var að hreyfingin yrði ekki formlegt félag og að í hreyfingunni yrðu aðeins þeir sem störfuðu á hverjum tíma. Þessi fundur markaði ákveðin tímamót á Íslandi varðandi kvenfrelsi. Á fundinum fundu konur fyrir ákveðinni samstöðu, þarna ræddu þær saman um kvenfrelsi, reynslu og lífsýn og sameinuðust í málstaðnum fyrir kvenfrelsi.³⁷ Grunnur að baráttuhreyfingu fyrir jafnrétti var lagður og vinnan var hafin.

2.2 Hugmyndafræði Rauðsokkahreyfingarinnar

Þrátt fyrir að Kvenréttindafélag Íslands hafi verið virkt félag á þessum tíma kusu rauðsokkar að stofna nýja hreyfingu. Aðalástæðan var sú að karlmönnum var ekki heimilt að ganga í Kvenréttindafélag Íslands. Þá var ekki áhugi fyrir að stofna kvenfélag eða kvennalista í aðdraganda Rauðsokkahreyfingarinnar þar sem þær börðust fyrir jafnrétti en ekki kvenréttindum. Rauðsokkar töldu þó misréttið vera mest gagnvart konum og var því áherslan lögð á kvenfrelsi og kjör kvenna en þær töldu að engin breyting yrði á högum kvenna ef karlmenn tækju ekki virkan þátt í baráttunni. Af þessum ástæðum vildu þær fá sem flesta karla í hreyfinguna, einnig vegna þess að tilgangur félagsins var að berjast fyrir jafnrétti í samfélaginu og þótti það málefni eiga að höfða jafnt til karla og kvenna.³⁸ Þegar á leið efuðust þó margir rauðsokkar um að þetta hafi verið rétt ákvörðun. Helga Sigurjónsdóttir, ein af stofnendum hreyfingarinnar, sagði eftirfarandi í viðtali sem birt var í dagblaðinu *Vísir*:

Þær kvannahreyfingar sem leyfa körlum þátttöku gera um leið lítið úr kúgun kvenna sem kyns og horfa að miklu leyti framhjá þeirri staðreynd að karlar hafa um heim allan vald yfir konum – í krafti kynferðis. Vald þetta er svo afgerandi og inngróið í allar menningarheildir að það kemur fram í einhverri mynd í öllum

³⁶ Bjarni Ólafsson, „Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak“, bls.15.

³⁷ Vilborg Sigurðardóttir, „Vitund vaknar – augu opnast. Rauðsokkahreyfingin 1970–1975“, bls. 480.

³⁸ Bjarni Ólafsson, „Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak“, bls.15. (sjá einnig: Guðrún Hallgrímsdóttir, „Við neituðum að ganga inn í hefðina“, bls. 70.)

samskiptum karla og kvenna, bæði í einkalífi þeirra, félagslífi og öðru opinberu lífi.³⁹

Önnur ástæða þess að rauðsokkar sáu ástæðu til að stofna nýja hreyfingu var sú að rauðsokkar vildu ganga beint til starfa undir frjálsu félagsformi, án þess að þurfa að eyða kröftum sínum í erfiða stjórnsýslu eða baráttu innan félagsins fyrir sínum málum.⁴⁰ Litið var svo á að einstaklingsvald innan hreyfingarinnar yrði óásættanlegt að öllu leyti og því var ákveðið að form hreyfingarinnar myndi vera í anda grasrótahreyfinga. Þetta félagsform var nýtt fyrirbæri á Íslandi á þessum tíma og var andstæða þess hefðbundna sem byggðist á píramída. Hildur Hákonardóttir var höfundur þessa nýja skipulags innan hreyfingarinnar. Það lýsir sér sem lífrænt félagskerfi þar sem einstaklingar hópa sig saman um tímabundin verkefni. Þegar starfshópar ljúka við verkefni sín skulu þessir hópar sameinast öðrum starfshópum eða finna sínum hóp nýtt verkefni. Með þessum hætti verða engir óvirkir félagar.⁴¹

Markmiðið var að forðast íhaldssöm form, sem að mati sumra rauðsokka hafði yfirgæft samfélög frá upphafi, og vildu þær því hafa verkskipulagið andstætt þessu formlega formi sem flest vestræn samfélög voru byggð á. Form píramídans var form okkar samfélags á þessum tíma og vinsælasta félagsform samtaka og hópa.⁴² Það lýsir sér svo að efst á toppnum trónir formaður með fjórum meðstjórnendum, þar fyrir neðan eru svo virkir starfshópar með hliðhollum einstaklingum. Formið er ólífrænt en getur vaxið með því að leggja undir sig nýjan hóp. Starfshópar verða ekki ábyrgir fyrir störfum sínum nema fyrir stjórninni og getur það dregið úr krafti þeirra. Skoðanir einstaklinga eða smærri hópa um starfsaðferðir fá lítt notið sín og er þetta form háþróað og skipulagt drottnunarkerfi. Hildur Hákonardóttir, ein af stofnendum Rauðsokkahreyfingarinnar lýsti þessu formi á eftirfarandi hátt;

Félagsheimur karlmannsins, sem hefur undirokað okkur, getur varla orðið okkur góð fyrirmynd. Félagsformið, sem við búum við, er formannsformið. Það er stighækkandi form færri manna og meiri valda. Þetta er þrautútspekúlerað form og þúsunda ára gamalt. En

³⁹ Helga Sigurjónsdóttir, „Karlar í kvennahreyfingum“, *Dagblaðið Vísir* 26. júlí 1982, bls.13.

⁴⁰ Bjarni Ólafsson, „Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak“, bls.15.

⁴¹ Hildur Hákonardóttir, „Hornsteinar og höfuðparar“, bls. 13.

⁴² Auður Hildur Hákonardóttir, „Konan sem stendur bak við eldavélina þína gæti verið rauðsokka“ bls. 42–43.

sköpuðir þess voru drottunargjarnir, og tilgangur skapnaðarins var að auðvelda þeim að halda völdum og nýta vald sitt.⁴³

Ef spurt er hvort Rauðsokkahreyfingin hafi verið pólitísk hreyfing þá er hægt að svara því bæði játandi og neitandi. Fólk í öllum stjórn málaflokkum tók virkan þátt í starfi þeirra og málstaður þeirra naut samúðar hjá fólki án tillits til stjórn málaskoðana.⁴⁴ Innan hreyfingarinnar var ekki talað um flokkapólitík og hreyfingin skilgreindi sig ekki sem pólitískt hreyfiafl með ákveðna vinstri/hægri stefnu. Hreyfingin var samt sem áður mjög pólitísk því hún þrýsti á Alþingi að samþykkja frumvarp um sjálfsákvörðunarrétt kvenna og aukin framlög til barnadagvistunar, til að auka möguleika kvenna á frekari menntun og atvinnumöguleikum, gerði tillögur um hvernig verja skildi fé skattgreiðenda og margt fleira.⁴⁵ Þessar kröfur og áherslur eru af pólitískum toga. Þar sem hreyfingin var að berjast fyrir nýju samfélagi sem stæði á jafnréttisgrundvelli var lögð áhersla á hollustu, samstöðu og einingu og þess vegna ekki gert upp á milli flokkspólitískra skoðana innan hreyfingarinnar. Með tímanum breyttist þetta þó á þann hátt, að stefna og baráttumál hreyfingarinnar röðuðu henni vinstra megin við miðju.⁴⁶

Vorið 1974 var ákveðið að halda þriggja daga ráðstefnu utan Reykjavíkur og starfshópur var valinn til að undirbúa stefnuyfirlýsingu hreyfingarinnar. Ráðstefnan fór fram á Skógum undir Eyjafjöllum 15.–17. júní 1974. Andrúmsloftið var spennuþrungið þar sem vitað var að stefnuyfirlýsingin yrði róttæk. Sumir þátttakendur fóru á öðrum degi vegna þessa en á þriðja degi var stefnuyfirlýsingin lögð fram og samþykkt með 25 atkvæðum. Fimm greiddu atkvæði gegn henni og þrjár sátu hjá.⁴⁷ Stefnuyfirlýsingin sýnir bókstaflega fram á að Rauðsokkahreyfingin var orðin róttæk vinstriinuð hreyfing þar sem upphaf hennar segir sem svo:

Barátta kvenna fyrir jafnrétti kynjanna verður ekki slitin úr tengslum við baráttu undirokaðra stétta fyrir þjóðfélagslegum jöfnuði, né heldur verður sigur unninn í verkalýðsbaráttunni án virkrar þátttöku kvenna.-
Í aðaldráttum er baráttan tvíþætt; annars vegar fyrir breyttu þjóðfélagi

⁴³ Hildur Hákonardóttir, „Hornsteinar og höfuðpaugar“, bls. 12.

⁴⁴ Bjarni Ólafsson, „Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak“, bls.15.

⁴⁵ Bjarni Ólafsson, „Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak“, bls.15. (Sjá einnig: Auður Styrkárstöttir, „From social movement to political party“, bls. 143.)

⁴⁶ Vilborg Sigurðardóttir, „Vitund vaknar – augu opnast“, bls. 487.

⁴⁷ „Tilraun Alþýðubandalagsins til að gleypa Rauðsokka mistókst“, *Morgunblaðið* 19. júní 1974, bls. 38.

gegn kúgunar- og afturhaldsöflum, samfara tímabundnum umbótum í þjóðfélaginu, og hins vegar sú uppbygging, sem snýr að konum sjálfum, vitundarvakning, andspyrna gegn bælandi uppeldis- og umhverfisáhrifum og aldagömlum fordómum og hefðum.- Undirokun kvenna er efnahagslegs og kynferðislegs eðlis. ... Íhlaupavinnuaflið er fyrst og fremst konur, og konur eru meginþorri hinna lægst launuðu hvar sem er í atvinnulífinu. Þess vegna verður að heyja baráttu kvenna fyrir frelsi og jafnrétti með vopnum stéttabaráttu.⁴⁸

Frá þessum degi varð Rauðsokkahreyfingin mjög pólitísk þar sem hugmyndafræðin gekk út á sósíalískan/marxískan femínisma en hreyfingin starfaði aldrei sem stjórn mála flokkur. Þessar breytingar, sem áttu sér stað árið 1974, gerðu það að verkum að ekki allar konur, né karlmenn, náðu að samsama sig hreyfingunni.

2.3 Stefnumál Rauðsokkahreyfingarinnar

Á fyrsta opna fundi Rauðsokkahreyfingarinnar, sem var haldinn 19. október 1970, var starfshópafrýrirkomulagið kynnt og vakti mikla hrifningu. Menn gátu skráð sig í ýmsa starfshópa en þeir voru eftirfarandi: Ræðumennska og fundarskóp, konan á vinnumarkaðnum, barnaheimilismál, efniskönnun námsbóka, kannanir, lagafrumvörp, skattamál, auglýsingar og fyrirvinnuhugtakið. Þessir starfshópar segja til um stefnumál hreyfingarinnar og áhugasvið þeirra sem að henni stóðu en þetta er ekki tæmandi listi þar sem mörg önnur mál voru tekin fyrir og voru jafnvel ofar á forgangslista þeirra síðar meir. Að auki gátu menn skráð sig í leshópa þar sem félagsmenn lásu bækur, blöð og tímarit, ræddu saman og gátu þannig fylgst með því sem var að gerast í öðrum löndum. Á þennan hátt upplifðu margar konur vitundarvakningu og gerði sér enn betur grein fyrir stöðu sinni og annarra kvenna.⁴⁹

Sem dæmi um lesefni má nefna rit femínískra rithöfunda, svo sem *Woman's Estate* (1971) eftir Juliet Mitchell og *Sexual Politics* (1971) eftir Kate Millett, en þessar bækur voru skyldulesning innan leshópsins. Einnig var mikilvægt að lesa *Kúgun kvenna* (1869) eftir John Stuart Mill, *Hitt kynið* (1949) eftir Simone de Beauvoir og *The*

⁴⁸ Vilborg Sigurðardóttir: „Vitund vaknar - augu opnast. Rauðsokkahreyfingin 1970–1975“, bls. 487–488.

⁴⁹ Vilborg Sigurðardóttir: „Vitund vaknar - augu opnast. Rauðsokkahreyfingin 1970–1975“, bls. 480–48. (Sjá einnig: Helga Ólafsdóttir, „Baráttu rauðsokka. Forðabúr feminismans“, bls. 108–109.)

Feminine Mystique (1963) eftir Betty Friedan.⁵⁰ Þessi rit hafa öll haft veruleg áhrif á kvenfrelshreyfingar víða um heim í gegnum tíðina og eiga það sameiginlegt að byggjast að einhverju leyti á róttækum femínisma. Þrátt fyrir að John Stuart Mill hafi verið einn af talsmönnum frjálslyndisfemínisma í fyrstu bylgjunni í Evrópu⁵¹ þá er, að mati sumra, hægt að greina róttækan femínisma í riti hans, *Kúgun kvenna* (1869). Hann taldi að kúgun kvenna væri rótgróin í samfélaginu og undirokun kvenna væri ein birtingarmynd þrælahalds. Hann fordæmdi eðlishyggjuna og taldi að munur milli kynja væri mótaður af samfélaginu.⁵²

Stefnumál og markmið Rauðsokkahreyfingarinnar voru mörg og krefjandi en nokkur þeirra voru efst á forgangslistanum. Þau voru svo hljóðandi:

1. Að vinna að fullkomnu jafnrétti karla og kvenna á öllum sviðum þjóðfélagsins.
2. Að vinna gegn því að kynferði komi í veg fyrir að einstaklingur geti valið sér starf í samræmi við hæfileika sína og áhugamál.
3. Að hvetja konur til að notfæra sér í ríkari mæli en þær gera nú þau réttindi, sem þær þegar hafa.
4. Að uppræta aldagamlan hugsunarhátt og alls konar fordóma varðandi verkaskiptingu í þjóðfélaginu eftir kynjum.
5. Að hvetja féлага sína til þess að kynna sér þjóðfélagsmál og vera virkari þátttakendur í þjóðfélaginu.⁵³

Fyrsta markmið þeirra var „að vinna að fullkomnu jafnrétti karla og kvenna á öllum sviðum þjóðfélagsins“. ⁵⁴ Aðgangur kvenna að opinberum málefnum, menntun og möguleikum á atvinnumarkaði var eitt það mikilvægasta sem þyrfti að bæta, og það sem allra fyrst. Árið 1973 birtist grein í *Þjóðviljanum* sem bar heitið „Rauð eining og rauðir

⁵⁰ Helga Ólafsdóttir, „Barátta Rauðsokka: Forðabúr femínismans“, bls. 108.

⁵¹ Margaret L. Andersen, *Thinking about Women*, bls. 362–363.

⁵² John Stuart Mill, *Kúgun kvenna*, bls. 108–110. (Sjá einnig hugmyndir um hvort John Stuart Mill hafi verið róttækur femínisti: Sigríður Þorgeirsdóttir, „Er Mill róttækur femínisti?“, *Hugsad með Mill*, bls. 103–115.)

⁵³ Bjarni Ólafsson, „Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak“, bls.15.

⁵⁴ Bjarni Ólafsson, „Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak“, bls.14–17.

sokkar“ eftir Árna Björnsson. Þar lýsir hann vel mikilvægi þess að betrubæta kjör kvenna á þessum sviðum. Þar segir hann:

Þessi hneigð til að ganga framhá konum í ábyrgðarstöður og neita þeim um atvinnuöryggi í almennri vinnu, er einatt réttlætt með því, að þær séu ótryggt vinnuafli vegna þeirrar ráðstöfunar náttúrunnar, að þær skuli ganga með börn öðru hverju og fæða þau. Það mætti þá spyrja, hvort ekki sé nauðsynlegt fyrir þjóðarheildina, að börn fæðist, og hvort endilega þurfi að refska konum fyrir þessa óhjákvæmilegu þjónustu við samfélagið. Viljum við kannski frekar deyja út? Hið siðblinda einkaframtak getur auðvitað sagt, að svona nokkuð sé ekki þess höfuðverkur, en hvoru ætti þá heldur að fórna, einkaframtakinu eða kvenfólkinu?⁵⁵

Auður Hildur Hákonardóttir⁵⁶ rauðsokkur lýsti því sem svo að með því starfi sem einstaklingur vinnur, velur maður sér viðfangsefni til að vinna að og við það fær einstaklingur viðmiðun á sjálfan sig gagnvart umhverfinu. Sem sagt: Sjálfsmynd einstaklings myndast oft vegna starfs og viðfangsefna. Hún segir einnig: „Það þykir sjálfsagt að hver karlmaður starfi. Konur hafa hins vegar fyrst og fremst hlutverk. Við tölum ekki um móðurstarf eða eiginkonustarf heldur hlutverk móður og eiginkonu.“⁵⁷ Þetta viðhorf var gegnumsiðt í samfélaginu og erfðist frá kynslóð til kynslóðar. Sumir rauðsokkar voru jafnvel á því að fyrirvinnuhugtakið væri það sem stæði einna mest í vegi fyrir jafnrétti kynjanna á ýmsum sviðum og því var fyrirvinnuhugtakið tekið til ítarlegrar skoðunar innan hreyfingarinnar. Vegna þess hversu rík hefð væri fyrir því að karl væri fyrirvinna heimilis væri konan talin þurfa minna kaup, minni menntun og minni framamöguleika í starfi. Þessi viðhorf voru jafnvel svo sterk að talið var að eiginkonan þyrfti einfaldlega ekki að vinna. Rauðsokkar færðu rök fyrir því að þessi skoðun væri ekki eingöngu óréttlátt gagnvart konunni, heldur einnig gagnvart karlinum, þar sem óréttlátt væri að ætlast til þess af honum að hann einn framfleytti

⁵⁵ Árni Björnsson, „Rauð eining og rauðir sokkar“, *Þjóðviljinn* 17. maí 1973, bls. 2.

⁵⁶ Mikilvægt er að taka taka það fram að Auður Hildur Hákonardóttir og Hildur Hákonardóttir er sama manneskjan. Í greinum sem hafa verið birtar eftir hana í tímaritum er hún oftast titluð Hildur Hákonardóttir en í bókakaflanum „Konan sem stendur bak við eldavélina þína gæti verið rauðsokka“ titlar hún sig Auður Hildur Hákonardóttir.

⁵⁷ Auður Hildur Hákonardóttir, „Konan sem stendur bak við eldavélina þína gæti verið rauðsokka“, bls. 51.

fjölskyldunni.⁵⁸

Staða kvenna á vinnumarkaði í lok sjöunda áratugs 20. aldar var sú að „það gildi einu hvaða stöðu konur höfðu, hvort þær unnu ófaglærð störf eða höfðu haft tækifæri til að mennta sig, voru einar eða báru ábyrgð á heimili og umönnun barna, þær áttu eitt sameiginlegt: kúgun á grundvelli kyns“.⁵⁹ Þess vegna eyddu þær miklum kröftum í að safna gögnum um kynbundinn mismun á vinnumarkaði og afhentu þessi gögn til stéttafélaga og ríkisins.⁶⁰ Staðreyndin var þó sú að þær konur sem urðu mest fyrir barðinu á vinnumarkaðnum voru alþýðukonur. Þær voru oftast í lægstu launaflokkum, til dæmis í fiskvinnslu og iðnaði. Karlar í sömu starfsgreinum voru í hærri launaflokkum. Ástandið var þó svipað á öðrum vinnustöðum en þar var starfsheitum jafnvel breytt til að hægt væri að setja karl í hærri stöðu þrátt fyrir að hann sinnti sama starfi. Sagt er í greininni, sem vitnað er í hér að ofan, eftir Árna Björnsson:

Sé horfið frá „grófari“ störfum og sjónum snúið að starfsfólki í búðum, skrifstofum, bönkum, ráðuneytum, svo eitthvað sé nefnt, þá er deginum ljósara, að karlmenn sitja þar yfirleitt fyrir utan starfsheiti, sem veita hærri laun. Þeir heita oftast verzlunarstjórar eða fulltrúar, en þær afgreiðslustúlkur og ritarar.⁶¹

Það bar því ekki á öðru en að mikið starf væri í vændum fyrir Rauðsokkahreyfinguna þegar kom að því að jafna hlut kynjanna á vinnumarkaði.

Rauðsokkahreyfingin var óþægileg; þær rugguðu bátum og ögruðu viðteknum venjum. Viðhorf almennings gagnvart Rauðsokkahreyfingunni voru neikvæð í almennri umræðu. Svona lýsti Hlín Agnarsdóttir, rauðsokkur, á sínum tíma þessum viðhorfum:

„...þær konur sem stóðu í fremstu víglínunni voru stórglæsilegar, vel menntaðar, frumlegar konur, afar kjarkmiklar og fullar af frjóum hugmyndum og skoðunum sem þær þorðu að tjá sig um og standa fyrir. Þær þorðu að ögra viðteknum skoðunum um konur og kvenímyndina. Þið getið rétt ímyndað ykkur hvort þær hafi ekki hneykslað illa upplýst og smáborgaraleg viðhorf þess pukurlega

⁵⁸ „Fyrirvinnuhugtakið“, bls. 5.

⁵⁹ Guðrún Hallgrímsdóttir, „Við neitum að ganga inn í hefðina“, bls. 68.

⁶⁰ Auður Styrkárðóttir, „From social movement to political party“, bls. 142–143.

⁶¹ Árni Björnsson, „Rauð eining og rauðir sokkar“, *Þjóðviljinn* 17. maí 1973, bls. 2.

samfélás sem var til á Íslandi um 1970 Auðvitað voru þær uppnefndar og reynt að stimpla þær – þær voru ekki alvöru konur af því þær brúkuðu munn, þær voru russkussur, hvað sem það átti nú að þýða. Líklega rauðar beljur eða rauðar kuntur.⁶²

Eins og fram hefur komið voru markmið Rauðsokkahreyfingarinnar mörg og krefjandi. Ríkjandi viðhorf um hlutverk kvenna var mjög rótgróið í samfélaginu og var því mjög erfitt fyrir hreyfinguna að koma á viðhorfsbreytingum. Ekki var eingöngu barist fyrir jafnrétti kynjanna, heldur einnig fyrir kvenfrelsi og viðhorfsbreytingu, kvenna og karla í samfélaginu.⁶³ Rauðsokkar vöktu sérstaka athygli vegna skoðana sinna á hugmyndum um hlutverk og stöðu kvenna í samfélaginu. Þær köstuðu frá sér fullyrðingum til að afbyggja ríkjandi hugmyndir.

Ein þessara fullyrðinga var: „Konur eru líka menn“. Svo virðist sem almenningur hafi ekki alveg áttað sig á því, fyrst um sinn, hvað þær áttu við með því. Rauðsokkar höfðu þó undirliggjandi ástæðu fyrir þessum hrópum. Þær upplifðu sig sem frávik í þjóðfélaginu, af því konur þurfa að skilgreina sig sem konur. Hægt er að segja að þetta sé vísun í hugmyndir Simone de Beauvoir um skilgreiningu kynjanna. Hún hélt því fram í bókinni *Hitt kynið* að karlar byrji aldrei á því að skilgreina sig sem karlmann, það sé sjálfgefið að hann sé karl. Konur aftur á móti segja „ég er kona“ til að gera grein fyrir sjálfri sér. Samkvæmt Beauvoir er konan þess vegna hitt kynið og er þar af leiðandi undirokuð í samfélaginu. Heimurinn setur konum skorður og því er konan ekki frjáls, annað en karlmenn því þeir eru viðmiðið.⁶⁴

„Hið persónulega er pólitískt“ var slagorð hreyfingarinnar en þá var aðallega átt við að persónulegt frelsi kvenna krafðist pólitískrar baráttu.⁶⁵ Eins og kom fram hér að ofan byggði Rauðsokkahreyfingin á kenningum róttækra femínisma, þær voru flestar sammála því að konur væru undirokaðar í samfélaginu vegna kynferðis síns. Karlar sömdu lög og reglur, sáu um að farið væri eftir þeim, höfðu yfirburði á opinberum

⁶² Hildur Hákonardóttir, *Já ég þori, ég get, ég vil*, bls. 11.

⁶³ Hildur Hákonardóttir, *Já ég þori, ég get, ég vil*, bls. 8.

⁶⁴ Simone de Beauvoir, *The Second Sex*, bls. 171–172.

⁶⁵ Þorgerður Einarsdóttir, „Hið vísindalega er pólitískt, femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga“, bls. 209.

vettvangi, efnahagsleg yfirráð, menningarleg og félagsleg í krafti kynferðis síns. Þegar rauðsokkar hrópuðu „konur eru líka menn“ var tilgangurinn sá að reyna að jafna út völdin svo að annað kynið gæti ekki drottnað yfir hinu vegna kynferðis síns. Rauðsokkar vildu einna helst að konur fengju að vera eins og þær vildu og karlar eins og þeir vildu. Að samfélagsleg- og félagsleg mótun um kvenleika og karlmennsku ætti ekki að hindra fólk í því að vera eins og það er.

Árið 1971 var birtur spurningalisti í tímaritinu *Samvinnan* sem beindist að Rauðsokkahreyfingunni og var þessum spurningum þá svarað eftir bestu getu. Ein spurningin hljóðaði svona: „Viljið þið gera allar konur sem líkastar karlmönnum?“ Svar þeirra var á eftirfarandi hátt: „Alls ekki, en við viljum að konur og karlar njóti allra sömu réttinda og hafi sömu möguleika í þjóðfélaginu, en ekki að annað kynið hafi hlunnindi fram yfir hitt“. Önnur spurning var á þessa leið: „Er eitthvað athugavert við að vera kvenlegur?“, Svar: „Það að vera kvenlegur eða karlmannlegur er goðsögn. Allir ættu að vera eins og þeim er eðlilegt.“⁶⁶ Kvenréttindakonur, sem börðust fyrir borgaralegum réttindum kvenna, héldu því fram að konur ættu að öðlast sömu lagaleg réttindi og karlar, vegna þess að þær væru konur. Rauðsokkar vildu ná fram raunverulegu jafnrétti, ekki af því þær væru konur, heldur þrátt fyrir það. Það, að þær væru konur, ætti ekki að hafa áhrif á stöðu þeirra innan samfélagsins.

Sjálfsákvörðunarréttur kvenna var ekki síður mikilvægt málefni og fór það ekki milli mála í tímariti hreyfingarinnar *Forvitin rauð* þar sem mikið var skrifað um frjálsar fóstureyðingar. Þetta málefni var að mati sumra erfiðasti þáttur baráttunnar, þ.e. að berjast fyrir því að konur hefðu sjálfar ákvörðunarrétt yfir líkama sínum og hefðu sjálfar lokaorðið þegar kom að réttinum yfir eigin líkama. Það ferli tók mestan tíma og orku.⁶⁷ Þrír karlmenn úr hópi þingmanna voru settir í nefnd og áttu þeir að ræða sín á milli um ákvörðunarrétt kvenna til fóstureyðinga. Árið 1974, þann 9. nóvember, skorðu þær á heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, um að leggja fram óbreytt frumvarp sem hafði legið í dvala í tæpt ár og samþykkja það. Þetta frumvarp var „Lög um ráðgjöf og fræðslu varðandi kynlíf og barneignir og um fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðir“⁶⁸.

⁶⁶ „Spurningar.... Svör“, *Samvinnan*, bls. 24.

⁶⁷ Auður Hildur Hákonardóttir, „Konan sem stendur bak við eldavélina gæti verið rauðsokka“, bls. 52.

⁶⁸ *Sjórntíðindi 1975*, A lög nr. 25/1975, bls. 68.

Þessi áskorun var ekki eingöngu gerð á Íslandi. Í *Þjóðviljanum* 10. nóvember 1974 birtist grein eftir Rauðsokka en þar segir: „Mörg félagssamtök og hreyfingar, sem berjast fyrir jafnrétti kynjanna og frelsi kvenna, vestan hafs og austan beittu sér í gær, 9. nóvember, samtímis fyrir aðgerðum til að knýja á um rýmkaða fóstureyðingalöggjöf, hver í sínu landi.“⁶⁹ Aðalrök Rauðsokkahreyfingarinnar fyrir því að nauðsynlegt væri að þingmenn myndu samþykkja þetta frumvarp, var:

Vegna þess að: Fólk á öllum aldri á skýlausan rétt á ráðgjöf og fræðslu um kynferðismál. Slík þjónusta er óskipulögð og takmörkuð eins og er. Kynferðisfræðsla er algjörlega í molum. Samkvæmt núgildandi fóstureyðingarlöggjöf er réttur kvenna fótum troðinn. Konur krefjast sjálfsákvörðunarréttar!⁷⁰

Skilaboð þeirra voru einfaldlega þau að samfélagið yrði að treysta því að konan vissi best sjálf hvort hún væri reiðubúin til að ganga með barn, fæða það og ala það upp og að konan ætti að vera fær um að taka þá ákvörðun sjálf; að vera hæf til að geta tekið þessa ákvörðun. Fóstureyðingalöggjöfin var mjög viðkvæmt málefni á þessum tíma. Margar greinar voru skrifaðar í tímarit um þetta málefni og virðist almennt viðhorf samfélagsins hafa verið gegn þessari löggjöf. Árið 1975 var frumvarpið samþykkt á Alþingi.⁷¹

Rauðsokkar töldu einna mikilvægast að breyta viðhorfi samfélagsins gagnvart kvenfólki. „Manneskja, ekki markaðsvara“ stóð á stórum borða, sem líkneski af Venus bar, úr leikritinu *Lýsiströtu* eftir Aristófanés. Rauðsokkar gengu með líkneskið á herðum sér og vakti það mikla eftirtekt hjá almenningi.⁷² Rauðsokkar lögðu mikla áherslu á að útrýma hugmyndinni um að konur væru notaðar sem söluvara. Andúð rauðsokka á fegurðarsamkeppnum fór ekki framhjá neinum, sérstaklega ekki í byrjun áttunda áratugarins, og voru aðgerðir þeirra í þeim efnum róttækar. Þann 10. september efndu þær til fundar á Akranesi til að vekja umræðu um tilgang fegurðarsamkeppna. Sama kvöld átti að fara fram fegurðarsamkeppni í samkomuhúsi á Akranesi og mættu þær fyrir utan samkomuhúsið þar sem þær sjálfar krýndu fegurðardrottningu, Perlu Fáfnisdóttur, Blesasonar. Perla var engin venjuleg fegurðardrottning því Perla var kýr.

⁶⁹ „Rauðsokkar skrifa þingmönnum“, *Þjóðviljinn* 10. nóv. 1974, bls. 2.

⁷⁰ „Rauðsokkar skrifa þingmönnum“, *Þjóðviljinn* 10. nóv. 1974, bls. 2.

⁷¹ *Stjórnartíðindi 1975*, A lög nr. 25/1975, bls. 68.

⁷² Ragnhildur Helgadóttir: „„Selur þú þig í kvöld?““ bls. 78.

Perlu var ákaft fagnað við komu sína en heyra mátti að sumum þótti þessi uppákoma slæm og jafnvel að illa væri farið með skepnuna. Eigandi Perlu staðfesti þó að „Perla hefði ekki hlotið neina misþyrmingu, enda var varla tekið upp málband meðan á sýningunni stóð, svo að útilokað var að hin hefðbundnu prófunartæki, sem notuð eru á svona keppnum, hafi getað sært hana hið minnsta.“⁷³ Á annarri fegurðarsamkeppni, sem haldin var í Laugardalshöll síðar, mættu þær með „Skoðanakönnun um meymat“ sem hljómaði á þennan veg:

Til hvaða sýninga finnst yður Laugardallshöllin best fallin?
Bílasýninga, landbúnaðasýninga, ... eða kvennasýninga? ... Hvert teljið þér að ágóðinn af þessari sýningu renni? Til stúlkanna sem sýndar eru, til áhorfenda eða til fegurðarsamkeppninnar hf?⁷⁴

Þann 4. júlí 1980 settu þær á svið kvennauppboð þar sem „10 konur yrðu boðnar upp og seldar hæstbjóðanda við hamarshögg“.⁷⁵ Með þessu uppátæki vildu þær vekja fólk til umhugsunar og vekja athygli á því að boðskapurinn með þessum keppnum væri að konur ættu að vera fallegar; það eitt skipti máli fyrir konur. Ekki þátttaka þeirra í atvinnulífinu, félagsmálum og fleiru.⁷⁶

Tilgangur Rauðsokkahreyfingarinnar með þessum uppákomum var að sýna fram á hversu mikil kvenfyrirlitningin var í samfélaginu, og að verið væri að gera konur að söluvöru: Að konur mætti selja eða kaupa eins og hvern annan varning. Og: Að konur væru ekki til neins annars en að horfa á, manni til unaðar, mæla þær út og fella dóma.

2.4 Hugmyndafræði og stefnumál Rauðsokkahreyfingarinnar nýjar af nálinni?

Eins og fram kom í fyrsta kafla, um bylgjurnar þrjár, var sósíalískur femínismi og frjálslyndur femínismi mest áberandi í fyrstu bylgjunni. Á þessum tíma töldu sósíalískir femínistar að kúgun kvenna byggðist á efnahagslegu ósjálfstæði því kvennakúgun var talin afleidd af stéttakúgun.⁷⁷ Orð Clöru Zetkin, „ekkert kvenfrelsi án sósíalisma og enginn sósíalismi án kvenna“, líkist hugmyndafræði og stefnumálum

⁷³ „Ánægjulegur fundur Rauðsokka“. *Þjóðviljinn* 12. sept. 1972, bls. 1–3.

⁷⁴ Bjarni Ólafsson, „Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak“, bls. 33.

⁷⁵ „Kvennauppboð“ Kvennasögusafn Íslands, askja 203–4.

⁷⁶ „Kvennauppboð“ Kvennasögusafn Íslands, askja 203–4.

⁷⁷ Margaret L. Andersen, *Thinking about Women*, bls. 386. (Sjá einnig: Þorgerður Einarsdóttir, „Hið vísindalega er pólitískt, femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga“, bls. 214–215.)

Rauðsokkahreyfingarinnar, sérstaklega eftir 1974 þegar sett var fram ný stefnuyfirlýsing. Eftir það einblíndu Rauðsokkar sérstaklega á konur í verkalýðshreyfingunni og lögðu mesta áherslu á stöðu kvenna sem láglaunafólks.

Þessar áherslur urðu enn meira áberandi með tímanum og við lok áttunda áratugar var kjörorð þeirra einmitt að „kvenfrelsisbarátta og stéttabarátta verði ekki aðskildar“.⁷⁸ Þær töldu að helstu mál kvenfrelsisshreyfingarinnar og verkalýðshreyfingarinnar næðu ekki sínum markmiðum nema með harðri baráttu. Þetta kom fram í ræðu Guðrúnar Ögmundsdóttur rauðsokk þann 1. maí 1978. Þar sagði hún að verkafólk þyrfti að skila af sér sextán stunda vinnudegi og oftast þyrftu báðir fullorðnir að vera á vinnumarkaði til að geta séð fyrir fjölskyldunni. Í ræðunni lagði hún mikla áherslu á að vegna þessa væri nauðsynlegt að koma upp góðum og ókeypis dagvistunarheimilum fyrir börn. Ekki væri hægt að gera ráð fyrir því að þeir sem væru í láglaunastörfum gætu einir séð fyrir heimilisrekstri. Einnig lagði Guðrún áherslu á að atvinnuöryggi ætti að vera fyrir alla, en á þessum tíma var sem dæmi hópur kvenna ráðinn í aðeins 9 mánuði í senn hjá hinu opinbera. Rauðsokkahreyfingin taldi að þessi baráttumál væru ekki einungis baráttumál kvenna heldur einnig verkalýðshreyfingarinnar í heild sinni.⁷⁹

Með hliðsjón af þessu má álykta að þrátt fyrir að Rauðsokkahreyfingin hafi verið byggð á hugmyndafræði róttæks femínisma, hafi þær ekki síður verið sósíalísk hreyfing. Hugmyndir þeirra voru sláandi líkar sósíalískum femínisma í kringum aldamótin 1900. Þegar fór að bera á hugmyndinni um sérstakt kvennaframboð í sveitarstjórn, í byrjun níunda áratugar, gagnrýndi Rauðsokkahreyfingin þá hugmynd. Þær töldu reyndar að konur og stjórnsmál væru ágætis hugmynd en þeim þótti krafan um fleiri konur á þing vera yfirborðsleg og töldu að hún myndi ekki endilega skila auknu jafnrétti í raun. Þær töldu að misréttið milli kynjanna væri samfélagslegt vandamál sem ekki væri hægt að leysa inni á þingi. Þessi skoðun kemur fram í yfirlýsingu þeirra um þetta málefni:

Konur og karlar sem kjósa að berjast gegn aukinni samneyslu, berjast að okkar viti gegn hagsmunum meirihluta íslenskra kvenna. Slíka frambjóðendur getum við ekki stutt og við teljum þá og málflutning

⁷⁸ Guðrún Ögmundsdóttir, „Kvenfrelsisbarátta verður ekki skilin frá stéttabarátta“, *Þjóðviljinn* 6. maí 1978, bls. 8.

⁷⁹ Guðrún Ögmundsdóttir, „Kvenfrelsisbarátta verður ekki skilin frá stéttabarátta“, *Þjóðviljinn*, 6. maí 1978, bls. 8.

þeirra ekki til neinna hagsbóta fyrir kvenfrelsisbaráttuna. Á þessum forsendum styðjum við ekki framboð kvenna, einungis kynferðis þeirra vegna.⁸⁰

Þessi yfirlýsing felur í sér að þeir, sem stóðu að baki henni, treystu sér einungis til að kjósa fulltrúa sem væru sósíalistar. Þær töldu að markmið um að koma fleiri konum á þing myndi ekki leysa það vandamál þar sem meirihluti kvenna byggi við tvöfalt vinnuálag; við heimkomu tæki húsmóðurstarfið og barnaumönnun við og það gæfi því auga leið að konum gæfist lítill tími til þátttöku í stjórnámálum. Þess í stað þyrfti fyrst og fremst að leysa stöðu láglaunakvenna, með því að auka félagslega þjónustu og samfélagslega ábyrgð.⁸¹

⁸⁰ „Fleiri konur á þing. Til hvers?“ *Þjóðviljinn*, 19. nóv. 1979, bls. 10.

⁸¹ „Fleiri konur á þing. Til hvers?“ *Þjóðviljinn*, 19. nóv. 1979, bls. 10.

3 Kvinnalístin

„Kvinnapólitískt gildismat“

3.1 Stutt ágríp um upphaf hreyfingarinnar

Árið 1979 varð hugmyndin að sérstöku kvannaframboði til á Vesturlandi. Þessi hugmynd kom þar fram vegna óánægju með hversu fáar konur komust í þokkalegt sæti á framboðslistum flokkanna í því kjördæmi og öðrum. Ýmis samtök kvanna voru farin að hvetja konur til að fara í framboð, sérstaklega vegna þess að á þessum tíma voru aðeins 5% alþingismanna konur, þrátt fyrir að konur væru helmingur kjósenda.⁸² Í byrjun níunda áratugar 20. aldar hélt Kvenréttindafélag Íslands ráðstefnu þar sem aðalræðuefni voru: „Hvaða leiðir eru konum færar til áhrifa á vettvangi þjóðmála?“ Og: „Hvernig geta þverpólitísk samtök eins og KRFÍ stuðlað að auknum framgangi kvanna á opinberum vettvangi?“⁸³ Á þessu má sjá að það var áhyggjuefni hjá Kvenréttindafélagi Íslands að konum væri enn haldið fyrir utan opinber málefni. Á sömu ráðstefnu var einnig mikið lagt upp úr umræðum um sérstök kvannaframboð þar sem mikill munur var á þátttöku kvanna á Íslandi miðað við hin Norðurlöndin.

Í setningarræðu ráðstefnunnar kom fram að í Finnlandi var hlutur kvanna í sveitarstjórnnum um 18,2%, í Noregi 22,8% og í Svíþjóð 29,8%. Á Íslandi nam þátttaka kvanna í sveitarstjórnnum 6,1%.⁸⁴ Þrátt fyrir að Rauðsokkahreyfingin hefði rutt brautina að einhverju leyti í jafnréttismálum á áttunda áratugnum var þátttaka kvanna á opinberum vettvangi ekki mikil og voru margar konur sammála um að það væri óásættanlegt og því þyrfti að breyta sem fyrst.

Eftir fund Rauðsokkahreyfingarinnar á Skógum árið 1974, þar sem samþykkt var stefnuyfirlýsing sem staðsetti hreyfinguna á vinstri væng stjórnmálanna, einangraðist hún og var síðan formlega lögð niður í lok ársins 1982.⁸⁵ Nokkrar konur, sem höfðu starfað lengi í Rauðsokkahreyfingunni, ákváðu að reyna að vekja áhuga hjá öðrum

⁸² „Kvannaframboð á Vesturlandi“, *Vísir* 23. okt. 1979, bls. 24.

⁸³ „Ráðstefna Kvenréttindafélagsins, Langminnst þátttaka kvanna í stjórnmálum hér á landi miðað við hin Norðurlöndin“, *Morgunblaðið* 27. nóv. 1981, bls. 23.

⁸⁴ „Ráðstefna Kvenréttindafélagsins, Langminnst þátttaka kvanna í stjórnmálum hér á landi miðað við hin Norðurlöndin“, *Morgunblaðið* 27. nóv. 1981, bls. 23.

⁸⁵ Auður Styrkárstöttir, „From social movements to political party: the new women’s movement in Iceland“, bls. 145.

konum með því að ræða hugmyndir um sérstakt kvennaframboð í sveitarstjórn.⁸⁶ Kvennaframboðið mótaðist á árunum 1981–1982 og á þessum tíma voru miklar umræður um stefnu framboðsins og á hvaða grundvelli það ætti að standa. Sumar konur höfðu vinstri kvennaframboð í huga á meðan aðrar vildu að framboðið myndi hvorki bendla sig við hægri né vinstri, frekar við kvennamenningu og femínisma. Þessar hugmyndir voru ræddar á fundi í Norræna húsinu 1981 og vöktu upp miklar deilur. Ekki var vel tekið í þá hugmynd að bendla framboðið við kvennamenningu og femínisma því það þótti of róttækt og fráhrindandi.

Umræður um þessi málefni voru áberandi í fjölmiðlum á þessum tíma og voru mjög skiptar skoðanir um hvort þörf væri á sérstöku kvennaframboði í sveitarstjórn. Sumir áttuðu sig ekki alveg á því hvernig fulltrúar kvennaframboðs ætluðu sér að vinna í borgarstjórn þar sem þær höfðu gert grein fyrir því að þær ætluðu einungis að taka fyrir ákveðin málefni sem sneru að konum og jafnrétti kynjanna. Spurning á borð við: „Hvað um hin borgarmálin sem til umfjöllunar verða?“⁸⁷ heyrðist meðal manna og var sérstaklega áberandi í fjölmiðlum á þessum tíma. Það var einnig áberandi að fólk áttaði sig ekki á því hvernig framboðið ætlaði að koma sér saman um sum málefni þar sem hópurinn kvaðst ekki fylgja neinni ákveðinni stefnu; með öðrum orðum hvar á pólitísku línunni framboðið yrði. Var framboðið vinstra megin, í miðju eða hægra megin?⁸⁸ Þrátt fyrir efasemdir sumra urðu úrslit kosninganna þann 23. maí 1982 á þá leið að Kvennaframboðið fékk 10,9% atkvæða og tvær konur í borgarstjórn af 21 borgarfulltrúa í Reykjavík. Á Akureyri fékk Kvennaframboðið 17,4% og tvo fulltrúa og myndaði meirihluta ásamt Framsóknarflokki og Alþýðubandalagi.⁸⁹

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var ein af nýjum borgarfulltrúum í Reykjavík en hún skipaði annað sæti á lista Kvennaframboðsins. Í viðtali við hana daginn eftir sigurinn í *Dagblaðinu Vísu* var hún spurð að því hvort möguleiki væri á framboði til Alþingis. Þar sagði hún:

Við höfum haft framboð í þingkosningum svona í flimtingum. En með svona framkomu í kosningabaráttunni neyða flokkarnir okkur sjálfsagt

⁸⁶ „Hugmyndafræði Kvennalistans“, *Kvennasögusafn Íslands*, askja 400-1.

⁸⁷ Ólöf Ríkarðsdóttir, „Vinum saman konur og karlar“, *Þjóðviljinn* 19. maí 1982, bls. 8.

⁸⁸ Ólöf Ríkarðsdóttir, „Vinum saman konur og karlar“, *Þjóðviljinn* 19. maí 1982, bls. 8.

⁸⁹ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, bls. 111.

út í þingkosningar. Það er a.m.k. ljóst að eftir að hafa kynnt svona framkomu flokkanna gagnvart okkur get ég ekki ímyndað mér að nokkur okkar geti hugsað sér að kjósa þá.⁹⁰

Þar með var hugmyndin að sérframboði Kvennaframboðsins í alþingiskosningum vorið 1983 komin upp á yfirborðið. Eftir sigur Kvennaframboðsins í sveitarstjórnarkosningunum voru umræður um kvennaframboð til Alþingis mjög áberandi. Ákvörðunin um Kvennalistann, eða öllu heldur að Kvennaframboðið byði sig fram til þings, var langt og erfitt ferli sem myndaði ákveðna togstreitu milli kvennanna.

Um haustið 1982 var ákveðið að halda fund í Ölfusborgum til að ræða hugsanlegt framboð til Alþingis. Ákveðið var að stilla upp tveimur konum sem voru á öndverðum meiði um þetta málefni. Helga Thorberg var sú sem talaði með þingframboði en Ingibjörg Sólrún Gísladóttir talaði gegn því, þrátt fyrir að hafa komið hugmyndinni á framfæri í viðtali daginn eftir kosningarnar í maí sama ár. Um 50 konur voru viðstaddar þennan fund og eftir framsöguerindin mynduðust fylkingar sem voru ýmist með eða á móti. Á þessum fundi kom í ljós að mjög skiptar skoðanir voru um þessa hugmynd og margar ástæður tilgreindar, bæði með framboðinu og gegn því. Þær, sem voru eindregið fylgjandi þessari hugmynd, bentu samstarfssystrum sínum á að aðeins þrjár konur sætu á þingi og með framboði til Alþingis myndu félagsmál kvenna fá meiri hljómgrunn. Það gæti síðan orðið til þess að konur fengju jafna möguleika og karlar á opinberum vettvangi. Einnig var bent á að það að komast inn í kerfið gegnum þingið gæti haft verulega góð áhrif á jafnréttisbaráttuna.⁹¹

Þær, sem voru andvígur þessari hugmynd, rökstuddu skoðun sína með því að benda á að framboð kvenna til sveitarstjórna væri aðeins hugsuð sem tímabundin, pólitísk aðgerð þar sem aðrar leiðir hefðu ekki þótt árangursríkar. Áhyggjur voru af því að framboð til Alþingis myndi bitna á störfum innan borgarstjórnar. Þetta var þó ekki aðalástæðan gegn þingframboði, einnig var bent á að kvenfrelsi yrði ekki komið á eingöngu með lagasetningum, heldur héldust lagasetningar í hendur við efnahagsástand og grundvallarhugmyndir samfélagsins. Þar að auki var framboðið grasrótahræfing og ef þær byðu fram til Alþingis væri verið að búa til flokk, á endanum yrði hreyfingin

⁹⁰ „Flokkarnir neyða okkur í þingkosningar“, *Dagblaðið Vísir* 24. maí 1982, bls 18.

⁹¹ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, 132–133.

hluti af kerfinu og myndi taka upp hefðbundin vinnubrögð. Togstreitan innan hreyfingarinnar magnaðist á næstu mánuðum en haldnir voru sjö félagsfundir um málið. Samkvæmt skoðanakönnunum hreyfingarinnar kom í ljós að meirihlutinn var andvígur framboði til Alþingis. Eftir langar og erfiðar umræður, og marga fundi, var ákveðið að þær konur sem vildu bjóða fram til Alþingis, fengju rými til þess.⁹² Í apríl 1983 birti Kvænnaframboðið yfirlýsingu í tímaritinu *Veru* en þar segir:

Vegna óljósra fréttu í fjölmiðlum af afstöðu Kvænnaframboðsins í Reykjavík til þingframboðs í komandi kosningum, vilja samtökin taka eftirfarandi fram: Félagssfundur, sem er æðsta vald í málefnum Samtaka um Kvænnaframboð, tók þá ákvörðun eftir langvarandi umræður, að samtökin sem slík myndu ekki standa að framboði til Alþingis í komandi kosningum. Þessi ákvörðun samtakanna ber hins vegar ekki að skilja sem svo, að þau hafni þingframboði sem leið í baráttunni fyrir bættri stöðu kvenna í þjóðfélaginu. ... Að svo stöddu munu samtökin beina kröftum sínum að vettvangi borgarmála, þar sem þau hafa tekið á sig ábyrgð og skyldur⁹³

Allt ferlið í kringum stofnun Kvænnaframséðs er mjög athyglisvert, sérstaklega í ljósi þess að í þrennum kosningum um málið hafði niðurstaðan verið sú að meirihlutinn var andvígur framboði. Kristín Halldórsdóttir lýsir þessum atburðum svo:

Í þessu tilviki ... hefur það sýnt sig að konur í þessari hreyfingu hafa annan skilning á málum ... að meirihlutinn hafi engan sjálfkrafa rétt til þess að þvinga einhverri niðurstöðu upp á minnihlutann. Þess vegna eyddu þær oft miklum tíma í að ræða málin, ... til þess að ná samstöðu, og ef það gengur ekki, þá er niðurstaðan sú að leggja ekki stein í götu þeirra, sem af sannfæringu vilja fara sína leið.⁹⁴

Margar ástæður voru fyrir þessum ágreiningi en undirliggjandi ástæðan var jafnvel sú að konurnar hættu sér ekki út í vinnuna og álagið sem óhjákvæmilega fylgdi því að bjóða fram til Alþingis.

⁹² Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, bls. 130–138.

⁹³ „Yfirlýsing frá Kvænnaframboðinu“, *Vera*, 2/1983 apríl, bls. 17.

⁹⁴ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, bls. 140.

Í augum sumra var Kvænnaframboðið stór sigur og töldu margar að ef klofning yrði vegna þessara mála yrði það mikill ósigur í kvænnaárátunni.⁹⁵

Kvænnaalistinn var formlega stofnaður í mars 1983 og bauð fram í þremur kjördæmum, Reykjavík, Reykjanesi og Norðurlandi eystra. Á þeim tíma, sem kosningabaráttan fór fram, var greinilegt að hinum flokkunum stafaði ógn af Kvænnaalistanum. Kvænnaalistinn rakst á háan þröskuld þegar þær uppgötvuðu að fjölmiðlar fjölluðu sáralítið um þennan nýja flokk. Ástæðan var sú að allir fjölmiðlar voru á einn eða annan hátt tengdir hinum flokkunum og því hunsuðu þeir Kvænnaalistan. Kosningarnar fóru fram 23. maí 1983 og þrátt fyrir erfiða kosningabaráttu vann Kvænnaalistinn stórsigur. Úrslitin komu þeim jákvætt á óvart.⁹⁶ Eftir alþingiskosningarnar fjölgaði konum á þingi úr þremur í níu, eða úr 5% í 15%.⁹⁷ Hlutfall kvenna á Alþingi óx hratt á tímum Kvænnaalistsans, úr 5% árið 1979 í 25% eftir kosningarnar árið 1995. Konur urðu mun sjáanlegri á opinberum vettvangi og átti Kvænnaalistinn stóran þátt á þeirri þróun. Aðrir flokkar stilltu nú fleiri konum í örugg sæti innan flokkanna. Á árunum 1983–1984 samþykktu Alþýðubandalagið, Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn kynjakvóta í flokksstofnunum og leiða má að því líkur að ástæðan fyrir þeirri þróun hafi verið árangur Kvænnaalistsans.⁹⁸

3.2 Hugmyndafræði Kvænnaalistsans

Hugmyndin um „kvennamenningu“ var grunnurinn að hugmyndafræði Kvænnaalistsans. Hugtakið „kvennamenning“ var nýtt og umdeilt hugtak sem fór fyrir brjóstið á mörgum, bæði konum og körlum, sem töldu það geta fælt konur frá þátttöku.⁹⁹ Tilgangur Kvænnaalistsans var með þessum hætti að benda á ólíkan reynsluheim kynjanna. Þær töldu að það þyrfti að koma á jafnvægi milli reynsluheims kvenna og reynsluheims karla og að hvort tveggja ætti að öðlast jafn mikla viðurkenningu í samfélaginu.¹⁰⁰ Kvænnaalistsakonur töldu að umhyggjusjónarmið væru lýsandi fyrir konur og einnig sterk

⁹⁵ Kristín Jónsdóttir, „Hlustaðu á þína innri rödd“, bls. 140.

⁹⁶ Auður Styrkárðóttir, „From social movements to political party: the new women’s movement in Iceland“, bls. 150.

⁹⁷ *Frá konu til konu. Kvænnaalistinn*, bls. 1–2.

⁹⁸ Auður Styrkárðóttir, *Jafnrétti og lýðræði?: konur og stjórnmal á Norðurlöndum*, bls. 26–27.

⁹⁹ Kristín Jónsdóttir, „Hlustaðu á þína innri rödd“, bls. 48.

¹⁰⁰ Kristín Jónsdóttir, „Hlustaðu á þína innri rödd“, bls. 56.

tilfinningatengsl og siðferði en að þessi einkenni væru ekki eðlislæg heldur félagslega og menningarlega mótuð.¹⁰¹

Markmið Kvinnalistsans var í stuttu máli að öðlast viðurkenningu á menningu kvenna, reynslu og hugsun. Þær vildu kvenfrelsi sem byggðist á því að reynsluheimur kvenna yrði tekinn gildur og konur virtar sem manneskjur og fullgildir þjóðfélagsþegnar. Þær gerðu sterkan greinarmun milli kynjanna en markmið þeirra var að karlar gætu tileinkað sér eitthvað frá kvennameningunni og konur frá karlameningunni, með því yrði samfélagið betra og jafnrétti myndi ríkja.¹⁰² Í ræðu Sigríðar Dúnu Kristmundsdóttur, sem hún hélt árið 1985 á 50. fundi Alþingis, segir hún:

konur og karlar eru ekki eins, ekki aðeins líkamlega heldur einnig menningarlega. Frá alda öðli hafa konur haft með höndum önnur störf en karlar og frá alda öðli hafa konur --- en ekki karlar --- gengið með börnin, fætt þau í þennan heim og annast þau fyrstu æviárin. Þetta hvort tveggja gerir það að verkum að lífsreynsla kvenna og karla er ekki sú sama, þar á er óhjákvæmilega um nokkurn mun að ræða.¹⁰³

Heyra mátti í fjölmiðlum gagnrýni á þessa sýn Kvinnalistsans, sérstaklega velti fólk vöngum yfir því hvort ekki myndi skila betri árangri ef þær gengu til liðs við hina flokkana og kæmu baráttumálefnum á dagskrá á þann hátt. Þessar vangaveltur voru áberandi rétt fyrir kosningar og ein lýsti skoðun sinni á eftirfarandi hátt:

Nei, við konur eigum ekki að einangra okkur, við eigum ekki að aðhyllast aðskilnaðarstefnu, við eigum þvert á móti að hasla okkur völl innan flokkanna, við hlið karlmanna. Þar skulum við kúga þá í návígi og berjast fyrir kvenréttindum, sem og öðrum sameiginlegum hagsmunamálum beggja kynja.¹⁰⁴

Kvinnalistakonur voru þó á því að fram að þessu hefði hið karllæga gildismat innan flokkanna ekki tekið tillit til þarfa kvenna og opinber málefni oftast verið bundin karlameningu. Með Kvinnalistanum ætti að vera möguleiki á að rödd kvenna fengi meiri hljómgrunn inni á Alþingi.

¹⁰¹ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, bls. 17.

¹⁰² Auður Styrkárssdóttir, „From social movements to political party: the new women's movement in Iceland“, bls. 151.

¹⁰³ Alþingistíðindi, 1983–1984, B 2, bls. 2821.

¹⁰⁴ Ólöf Ríkarðsdóttir, „Vinnum saman, konur og karlar“, *Þjóðviljinn* 19. maí 1982, bls. 8

Starfið, hugmyndir og áherslur innan hreyfingarinnar mótuðust fyrst og fremst í innbyrðis samræðum kvennanna. Samræðurnar endurspegluðu vilja þessara kvenna sem var að hlusta á innri rödd, setja á laggir hugarfarsbyltingu og að öðlast frelsi til að velja. Aðalatriðið var að koma konum inn í hið pólitíska samfélag þar sem karlar réðu ríkjum og tóku ákvarðanir að mestu.¹⁰⁵ Þannig varð umræðan um „kvennapólitískt gildismat“ áberandi. Í *Morgunblaðinu* árið 1987 birtist grein eftir Sigríði Lillý Baldursdóttur þar sem hún svarar þeirri spurningu hvernig kvennalistakonur ætli sér að bregðast við þeim málefnum sem ekki eru kvennapólitísk. Hún svarar á eftirfarandi hátt: „Öll mál eru kvennamál í sjálfu sér. Kvennapólitík snýst ekki um að flokka mál í kvennamál og önnur mál, heldur líta á öll mál af sérstökum kvenlegum sjónarhól og meta allt upp á nýtt út frá reynslu kvenna.“¹⁰⁶

Hugtakið „kvennapólitík“ var mjög flókið fyrirbæri fyrir marga og jafnvel áttu kvennalistakonur sjálfar stundum erfitt með að útskýra það fyrir almenningi. Ein þeirra, María Jóhanna Lárusdóttir, sagði í grein sinni „Þess vegna bjóðum við fram“ í *Morgunblaðinu* árið 1986 að hún velti því fyrir sér hvernig hugtakið gæti verið svo óskiljanlegt, hugtak sem „ég og aðrar konur skynja og skilja frá hjartans rótum“¹⁰⁷ Í grundvallaratriðum er „kvennapólitík“ „ekkert annað en að hlusta eftir eigin rödd, taka mið af eigin reynslu, draga ályktanir af eigin hversdagsamstri og þeim vandamálum“.¹⁰⁸

Kvennalistakonur skoðuðu samfélagið með „kvenfrelsisgleraugum“ og til að auka skilning kvenna á pólitískri stöðu þeirra smíðuðu þær ný hugtök, skilgreindu hlutina á nýjan veg, því tungutak stjórnmalanna var karllægt. Þær grandskoðuðu orðræðu stjórnmalamanna og með því að endurskilgreina hið hefðbundna málfar náðu þær að varpa nýju ljósi á mörg málefni. Sem dæmi má nefna hugtök eins og „hin hagsýna húsmóðir“, „reynsluheimur kvenna“ og „þriðja víddin“. Með því að endurskilgreina og afbyggja orðræðu, brjóta upp hugtök, hefðir og siði, greiddu þær veginn fyrir nýja hugsun.¹⁰⁹

¹⁰⁵ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, bls. 47.

¹⁰⁶ Sigríður Lillý Baldursdóttir, „Kvennamál!“, *Morgunblaðið* 6. febrúar 1987, bls. 19.

¹⁰⁷ María Jóhanna Lárusdóttir, „Þess vegna bjóðum við fram“, *Morgunblaðið* 15. maí 1986, bls. 50.

¹⁰⁸ *Frá konu til konu. Saga, stefna skipulag. Kvennalistinn*, bls. 4.

¹⁰⁹ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, bls. 47–48.

Að mati sumra þeirra sem aðhylltust þessa nálgun ríkti sú skoðun að karlar skilgreindu pólitíska sviðið öðruvísi en konur. Pólitískt atferli kvenna var útskýrt með reynsluleysi þeirra innan stjórnmalastarfa, en þeir sem útskýrðu atferli kvenna í stjórnmalum, virtust hins vegar ekki hafa haft jafn mikinn áhuga á að útskýra atferli karla í stjórnmalum. Ástæðan liggur í því að pólitískt atferli karla var talið hið „eðlilega“. Til þess að geta skilið og skilgreint pólitískt atferli kvenna þyrfti því að hafna hefðbundinni skilgreiningu á því hvað pólitík væri og endurskoða um leið þau hugtök sem aðferðafræði stjórnmalafraeðinnar notaði. Hugtökin væru ein af orsökum þess að reynsla kvenna væri skilgreind sem ópólitísk og þar af leiðir hafi kvennamening verið ósýnileg.¹¹⁰ Helga Kress lýsti mikilvægi þess að afbyggja orðræðu í kosningablaðinu *Kvennaframbóðið* en þar segir hún:

Í málnotkuninni speglast nefnilega oft viðteknar og oftast nær ómeðvitaðar hugmyndir manna um hlutverk og stöðu kynjanna,.... málnotkun er algjörlega í samræmi við ríkjandi hugmyndafræði, þar sem litið er á karlmenn sem gerendur og á konur sem þolendur þeirra eða áhangendur. Konan er hið sértæka fyrirbrigði, undantekningin frá því að vera karlmaður.¹¹¹

Hér má sjá sömu hugmyndir og Simone de Beauvoir lýsti í *Hinu kyninu* en þar segir hún að vegna félagslegrar mótunar kynjanna sé karlmaðurinn alltaf viðmiðið og konan þess vegna hitt kynið.¹¹²

Kvennalistakonur höfnuðu hægri/vinstri skilgreiningunni og töldu þessar stefnur ónothæfar fyrir sig. Þetta var ný og óþekkt slóð í pólitísku starfi á Íslandi. Þær vildu fá að vera í pólitík á eigin forsendum og fá einhverju ráðið um hvað pólitík snerist, fá að setja leikreglurnar frekar en að ganga inn í ríkjandi, pólitískan starfshátt karla. Af þessum sökum hélt Kvennalistinn því fram að þær væru „þriðja víddin“. Þær vildu ekki skilgreina sig á þann hátt sem venja var, það er að segja hægra megin eða vinstra megin, því sú skilgreiningarárátta var einmitt liður í baráttunni um að ráða hinni pólitísku dagskrá. Á því sviði var tungumálið karllægt og því nauðsynlegt að koma inn sem

¹¹⁰ Sigprúður Helga Sigurbjarnardóttir, „Eru konur ógnun við „lýðræðið“?“, *Morgunblaðið* 19. júlí 1989, bls. 14.

¹¹¹ Helga Kress, „Hverjir eru kvensamir? Athugasemdir um hugmyndafræði og tungumál“, bls. 5.

¹¹² Simone de Beauvoir, *The Second Sex*, bls. 171.

þriðja víddin þar sem svigrúm gæfist til að skapa nýja orðræðu.¹¹³ Kvinnalistinn taldi að til væru sérstök gildi, túlkanir og orsakasamhengi sem væru að verki hjá konum en væru óskiljanleg karlmönnum. Þess vegna þyrfti að skoða öll pólitísk málefni út frá sjónarhóli kvenna.

Kvinnalistinn var grasrótahreyfing sem starfaði á breiðum grundvelli og lagði mikla áherslu á að fá kjörna fulltrúa á þing. Skipulag Kvinnalistans virkaði eins og skipulag Rauðsokkahreyfingarinnar, þ.e. starfið var byggt á formi grasrótastefnu. Það var aldrei einn leiðtogi kosinn né ein stjórn en þingflokkurinn kaus sér talskonu á eins árs fresti. Á landsfundunum var kosið í framkvæmdanefndir sem mótuðu pólitískar stefnuskrár. Ef upp komu ágreiningsmál var ekki greitt atkvæði með eða á móti, heldur var leitast við að útkljá ágreiningsmál með samræðum.¹¹⁴

3.3 Stefnumál Kvinnalistans

Á blaðamannafundi Kvinnalistans, í mars 1983, lýstu Kvinnalistakonur stefnu Kvinnalistans í stuttu máli: „Við viljum að sameiginleg reynsla og verðmætamat kvenna verði metin til jafns við reynslu og verðmætamat karla, sem stefnumótandi afl í samfélaginu. Við setjum á oddinn hugmyndir um kvenfrelsi, sem fela í sér rétt kvenna til að vera metnar á sínum eigin forsendum til jafns við karla“.¹¹⁵

Stefnumál Kvinnalistans voru mörg en hér verður aðeins greint frá nokkrum þeirra. Fyrst og fremst var stefnt að því að auka áhrif og völd kvenna í þjóðfélaginu og vekja til umræðu um stöðu kvenna innan samfélagsins. Í því sambandi þyrfti að tryggja konum aukna ábyrgð á mótun og stjórn þjóðfélagsins á forsendum kvenna. Þess vegna þyrfti einnig að endurmeta störf kvenna til launa þannig að launajafnrétti myndi ríkja. Dagvistunarmál, skólamál og fleira sem snerti daglegt líf fólks þyrfti að hafa forgang fram yfir önnur mál. Einnig var það ofarlega á baugi að stuðla að því að menn gætu lifað í sátt og jafnvægi við náttúruna og koma í veg fyrir að gengið væri á lífsgæðin án tillits til komandi kynslóða. Til að ná því fram þyrfti að leggja meiri áherslu á að þarfir manneskjunnar væru í forgangi við ákvarðanir í stað gróðahyggju, græðgi og stundarhagsmuna. Kvinnalistakonur töldu einnig mjög mikilvægt að konur hefðu

¹¹³ Sigbrúður Helga Sigurbjarnardóttir, „Eru konur ógnun við „lýðræðið“?“, *Morgunblaðið* 19. júlí 1989, bls. 14–15.

¹¹⁴ Auður Styrkárardóttir, *Jafnrétti og lýðræði?: konur og stjórnsmál á Norðurlöndum*, bls. 28–30.

¹¹⁵ „Mannleg verðmæti lögð til grundvallar“, *Þjóðviljinn* 31. mars 1983, bls. 2.

raunverulegt val um örlög sín, það er að segja að þær fengju sjálfar að ráða lífi sínu án forskrifta og fordóma. Ofbeldi gagnvart konum var áhyggjuefni og því ætti að gera ráðstafanir til að draga úr vaxandi ofbeldi gagnvart konum með fræðslu, endurbótum á löggjöf og fl.¹¹⁶ Efnahagsstefnan var byggð á þeirri hugmynd að þjóðfélagið yrði rekið líkt og „hin hagsýna húsmóðir“ rekur heimili.¹¹⁷ Þá er átt við „að Íslendingar geti í sem ríkustum mæli lifað á eigin framleiðslu og að við högum útgjöldum okkar í samræmi við tekjur.“¹¹⁸

Þessi listi er langt í frá tæmandi en samkvæmt stefnumálum Kvvennalistans má segja að þær hafi haldið á lofti hinum svokölluðu „mjúku málum“ þjóðfélagsins. Kvvennalistinn lagði áherslu á að mikilvægasti þáttur þjóðarframleiðslunnar færi fram inni á heimilum og fram til þessa hafði konan borið mesta ábyrgð á þeim þætti. Þrátt fyrir það hefði starf kvenna og tilfinningaleg umsjá barna, sem og annarra, ekki verið viðurkennt.¹¹⁹ Yfirlýsing Kvvennalistans var að mestu leyti sama eðlis og yfirlýsing Kvvennaframboðsins frá árinu 1982 en þá var því lýst yfir að mikilvægt væri að dreifa valdi og setja það í hendur fólks á öllum stigum þjóðfélagsins. Einnig kom fram í yfirlýsingunni að dagvistun barna þyrfti að vera aðgengileg öllum börnum samfélagsins og að mikilvægt væri að breyta rekstri barnaskóla þannig að börn fengju máltíðir í skólanum því ekki væri hægt að gera ráð fyrir að allar mæður væru heimavinnandi og tilbúnar með hádegisverð handa börnum sínum alla daga vikunnar. Kvvennalistinn beitti sér fyrir betra heilbrigðiskerfi og vildi að ríkið tæki að sér að stofna kvvennaathvarf fyrir konur sem væru beittar andlegu og líkamlegu ofbeldi inni á heimilum sínum.¹²⁰

Skortur á rödd kvenna í þjóðfélagsmálum var mikið áhyggjuefni hjá Kvvennalistakonum og þetta áhyggjuefni var á rökum reist eins og kom berlega í ljós þann 31. mars 1983. Þá var birt grein í *Þjóðviljanum* þar sem umboðsmaður Kvvennalistans, Lára V. Júlíusdóttir, mótmælti harðlega þeirri ákvörðun Útvarpsráðs að meina Kvvennalistanum aðgang að hefðbundnum hringborðsumræðum í sjónvarpssal kvöldið fyrir kjördag. Hún mótmælti því einnig að við framboðskynningu í sjónvarpinu

¹¹⁶ *Frá konu til konu*, . Saga, stefna skipulag. Kvvennalistinn bls. 7–10.

¹¹⁷ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, bls. 144.

¹¹⁸ „Mannleg verðmæti lögð til grundvallar“, *Þjóðviljinn* 31. mars 1983, bls. 2.

¹¹⁹ Sigríður Þorgeirsdóttir, „Er til kvvennasiðfræði?“, bls. 56–57

¹²⁰ Auður Styrkárssdóttir, „From social movements to political party: the new women’s movement in Iceland“, bls. 151.

var Kvinnalistanum aðeins úthlutað 15 mínútum til umræða, meðan aðrir flokkar fengu 20 mínútur, og það sama gildi þegar fulltrúar flokkanna sátu fyrir svörum fréttamanna. Þessar ákvarðanir Útvarpsráðs voru rökstuddar með þeim hætti að Kvinnalístinn byði ekki fram í öllum kjördæmum, þrátt fyrir að það lægi ljóst fyrir að í þeim þremur kjördæmum sem Kvinnalístinn bauð fram, í Reykjavík, á Reykjanesi og Akureyri, væru um 72% allra kjósenda. Taldi Lára að með þessu væri verið að brjóta á mannréttindum og að Útvarpsráð væri glögg dæmi um miðstýringu og flokkseinræði.¹²¹ Í kjölfarið efndu Kvinnalístakonur til þögullar mótmælagöngu frá Víkinni, að Sjónvarpshúsinu. Á dreifiriti, sem þær afhentu fjölmiðlum, stóð:

Í dag er konum meinað að tala. Í dag fá konur ekki að koma hugmyndum sínum á framfæri. Í dag eru konur ekki hafðar með frekar en á öðrum úrslitastundum þjóðarinnar. Í dag sitja fulltrúar flokkanna í sjónvarpssal. Þeir sitja einir að því að kynna kjósendum stefnu sína. Í dag eru það fulltrúar flokkanna í útvarpsráði sem útilokar konur. Í dag hafa kjósendur því ekki jafnan rétt til að kynna sér málefni framboðsaðila. Í dag eru konur sveipaðar þögn.¹²²

Þessi mótmæli vöktu mikla athygli og þrátt fyrir að Kvinnalístanum hafi verið haldið frá hefðbundnum hringborðsumræðum í sjónvarpssal unnu þær vissan sigur. Það var greinilegt að með framboði Kvinnalístans var þessum viðhorfum, sem og kerfisbundinni kúgun gegn konum, sagt stríð á hendur. Konur fengu í kjölfarið rödd inni á Alþingi sem hafði mikil áhrif á jafnréttisbaráttuna.

Þingkonur Kvinnalístans lögðu fram mörg frumvörp sem voru samþykkt á þessum sextán árum sem þær sátu á Alþingi. Fyrsta frumvarpið frá Kvinnalístanum kom strax í febrúar árið 1984 en það var frumvarp um lengingu fæðingarorlofs úr þremur mánuðum í sex, og skyldu greiðslur nema fullum launum. Einnig að allar konur fengju lágmarks fæðingarorlof, án tillits til atvinnuþátttöku. Feður ættu einnig að eiga kost á að taka fæðingarorlof en það myndi skerða fæðingarorlof konunnar. Frumvarpið var að mestu samþykkt rétt fyrir kosningar árið 1987.¹²³ Eitt merkilegasta þingmál Kvinnalístans, að mati sumra, var þingsályktun um könnun á rannsókn og meðferð

¹²¹ „Kvinnalístinn mótmælir ákvörðun Útvarpsráðs“. *Þjóðviljinn* 31. mars 1983, bls. 2.

¹²² Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, bls. 154.

¹²³ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, bls. 174–175.

nauðgunarmála. Var það fyrsta þingmál Kvinnalistsans og var samþykkt 22. maí 1984. Með þessari þingsályktun voru nauðgunarmál í fyrsta skipti í sögunni sett á dagskrá á Alþingi. Alþingi fól dómsmálarráðherra að skipa fimm manna nefnd sem fékk það verkefni að kanna hvernig rannsóknum og meðferðum nauðgunarmála væri háttað. Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu og tillögum árið 1989. Í kjölfarið var sett á laggirnar skipulagning og undirbúningur Neyðarmóttöku á slysadeild Borgarspítalans, en hún var opnuð 8. mars árið 1993.¹²⁴

Árið 1992 lagði Kvinnalistinn fram þingsályktun um skipun nefndar til að kanna stöðu samkynhneigðra. Það var samþykkt 19. maí 1992. Nefnd var skipuð af ríkisstjórninni sem kannaði stöðu samkynhneigðs fólks á Íslandi, m.a. lagalega, menningarlega og félagslega stöðu þess.¹²⁵ Þetta eru einungis dæmi um áhrif Kvinnalistsans á Alþingi.

Þingkonur Kvinnalistsans fluttu á fyrsta kjörtímabili sínu, frá 1983–1987, alls 40 þingsályktunartillögur, sex voru samþykktar eða um 15% tillagnanna. Það virðist ekki hátt hlutfall en vert er að taka fram að þessar þingsályktanir voru nýjar af nálinni og viðfangsefnin ókunn mörgum flokkum. Margar þessara þingsályktana voru þó teknar upp aftur á öðrum kjörtímabilum, sumar samþykktar en aðrar ekki. En þrátt fyrir að aðeins sex hafi verið samþykktar fyrsta kjörtímabilið opnaðist gluggi og ný sýn á stöðu kvenna í þjóðfélaginu varð áberandi. Af þeim sökum er ekki annað hægt en að fagna þeim árangri sem Kvinnalistinn náði fram, fyrir betri kjörum fólks og þeim skrefum sem tekin voru í átt að raunverulegu jafnrétti.

3.4 Hugmyndafræði og stefnumál Kvinnalistsans nýjar af nálinni?

Á tímum fyrstu bylgju femínismans, í kringum 1900, var umræðan um konur og opinber málefni áberandi í fjölmiðlum og meðal almennings. Umræðan snerist að miklu leyti um hvort konur ættu að öðlast kosningarétt og sömu möguleika á menntun og karlar. Talið var að þátttaka kvenna í opinberum málefnum myndi leiða til þess að þær vanræktu heimilisstörf, heimilin myndu leysast upp og að „konur vildu eigi frammar ala börn og brátt yrði jörðin auð og tóm af mannfólki“.¹²⁶ Þessar efasemdir byggðu á

¹²⁴ *Kvinnasögusafn Íslands*, „Samþykkt þingmál Kvinnalista“, askja 400-1.

¹²⁵ *Kvinnasögusafn Íslands*, „Samþykkt þingmál Kvinnalista“, askja 400-1.

¹²⁶ „Afskipti kvenna af opinberum málum“, bls. 17.

hugmyndum um eðli kvenna, hlutverk þeirra í samfélaginu og því hvort þær væru hæfar til að fara með þess háttar réttindi. Konur og karlar börðust fyrir borgaralegum réttindum kvenna en þau réttindi voru samt sem áður ekki veitt á sömu forsendum og hjá karlmönnum. Margir töldu að konur ættu að öðlast þessi réttindi því konur væru í eðli sínu umhyggjusamar og siðgæðisverðir samfélagsins og með þessum réttindum gætu konur einblínt á þess háttar málefni innan þjóðfélagsins.

Í upphafi 20. aldar, árið 1915, fengu konur borgaraleg réttindi og lægð myndaðist hjá kvenréttindahreyfingum. Hins vegar töldu konur sig hafa svipaða sýn á hlutverk sitt innan þjóðfélagsins og sameinuðust um ýmis stefnumál. Hugmyndir um kvenleikann og hlutverk kvenna innan þjóðfélagsins urðu áberandi hjá mörgum kvenréttindakonum; þ.e. húsmóður- og móðurhlutverk kvenna, að það væri í þeirra verkahring að sinna þeim sem minna mættu sín og að siðferðismál þjóðarinnar hvíldu á herðum þeirra.¹²⁷ Bríet Bjarnhéðinsdóttir lýsti þessu á eftirfarandi hátt:

Þjóðfélagið þarfnast hvarvetna hinnar nákvæmu, ástríku móðurumhyggju kvennanna. Hvar sem litið er á ættu þær að vera með. Bæði sem kjósendur og löggjafar, allstaðar þar sem ræða skal um unga og gamla, fátæka, bágstadda og sjúka, allstaðar þar sem menning og siðgæði þurfa talsmenn- þar eru konurnar sjálfsagðar.¹²⁸

Mæðrahyggjan var mjög áberandi í kringum 1900 og stefnuskrám Kvvennalistsans svipar til þessara hugmynda. Hugmynd Kvvennalistsans um „kvennapólítískt gildismat“ og „kvennamenningu“ eiga rætur sínar í svipaðri hugmyndafræði. Hér er miðað við þegar skilgreiningin á hugtakinu „mæðrahyggja“ vísar til umhyggju- og réttlætissjónarmiða.¹²⁹ Þrátt fyrir þessi líkindi höfðu Kvvennaframboðskonur og Kvvennalistinn ekki kynnt sér hugmyndafræði aldamótakvenna sérstaklega. Það kemur því vissulega á óvart hversu margt var sameiginlegt í hugmyndafræði þeirra.¹³⁰ Mæðrahyggjan greiddi aldamótakonum götuna inn í pólítískan vettvang á sínum tíma, hið sama má segja um Kvvennalistann.

¹²⁷ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 247–249.

¹²⁸ Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Nokkur orð um menntun og rjettindi kvenna“, *Fjallkonan* 5. júní 1885, bls. 42-43.

¹²⁹ Auður Styrkárssdóttir, „Mæðrahyggja: Frelsisafli eða kúgunartæki?“, bls. 276.

¹³⁰ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, bls. 207.

Árið 1987 sagði Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, ein af stofnendum Kvinnalistsans, í viðtali við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að Kvinnalistakonur ættu ekki að upphelja um of ímyndina af góðu konunni, því þær hugmyndir tengdust eðlishyggjunni. Með tímanum virðist sem Sigríður, og aðrar, hafi talið að verið væri að leggja of mikla áherslu á þessa hugmyndafræði. Í viðtalinu sagði hún að hún teldi að þessar hugmyndir hefðu einmitt verið notaðar gegn konum, til að halda þeim innan síns „verksviðs“ áður fyrr.¹³¹ Sumar Kvinnalistakonur töldu jafnvel að þær hefðu gengið of langt í að halda á lofti þessari hugmynd af siðprúðu og góðu konunni. Kvinnalistinn taldi þó að kvennamening væri félagslega mótuð, en ekki eðlislæg, en svo virðist sem byrjað hafi að bera á eðlishyggjuhugmyndum hjá Kvinnalistanum í lok níunda áratugar og byrjun tíunda. Árið 1994, sagði Sigríður Dúna, sig úr flokknum, vegna þessa.¹³² Í stefnuskrá Kvinnalistsans frá árinu 1991 segir:

Kvinnalistinn leggur til grundvallar stefnu sinni sameiginlega reynslu og menningu allra kvenna sem m.a. einkennist af þáttum eins og *líffræðilegri sérstöðu* og kvenlegri sjálfsmýnd sem mótast hefur í aldanna rás. Þetta leiðir af sér *annað verðmætamat og önnur lífsgildi en þau sem ríkja í veröld karla.*¹³³

Auður Styrkárdsóttir stjórn málafræðingur og forstöðukona Kvinnasögusafns Íslands hélt því fram að ekki væri að finna tilvísanir til eðlis kvenna, þ.e. eiginleika sem þær væru fæddar með og væru óumbreytanlegir, í stefnuskrám Kvinnalistsans. Hún taldi að þessi túlkun sumra á mæðrahyggjunni, sem eðlislæga, vera „merkimiðaráttu“ sem gengið hafði allt of langt.¹³⁴ Eitt er þó víst, og það er að hugmyndafræði og stefnumál Kvinnalistsans voru ekki ný af nálinni, þótt deila megi um túlkun og upplifun á orðræðu mæðrahyggju Kvinnalistsans.

¹³¹ Sigríður Þorgeirsdóttir, „Er til kvennasiðferði“, bls. 54–55.

¹³² Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd.*“, bls. 221–222.

¹³³ Kvinnalistinn, *Stefnuskrá í landsmálum 1991*, bls. 2. (Mín skáletrun)

¹³⁴ Auður Styrkárdsóttir, „Mæðrahyggja: Frelsisafli eða kúgunartæki?“, bls. 273.

Niðurstöður

Í þessari ritgerð hefur verið greint frá íslenski kvenréttindabaráttu og sögu femínisma frá miðbiki nítjándu aldar. Almennar umræður í fjölmiðlum endurspeglu oft ríkjandi viðhorf hvers tíma fyrir sig. Þegar fyrsta bylgja femínisma stóð yfir á Íslandi var sú kvenréttindahreyfing talin róttæk. Nú, í upphafi 21. aldar, þykir eðlilegt að konur hafi sömu borgaralegu réttindin og karlar. Því var ekki til að dreifa í því samfélagi sem fyrsta bylgjan reis upp úr. Sem betur gáfust femínistar ekki upp og kynin öðluðust jafnrétti á grundvelli lagabókstafa. Þessi árangur náðist með róttækum aðgerðum kvenréttindahreyfingarinnar. Í inngangi kemur fram það markmið mitt að rannsaka muninn á áherslum Rauðsokkahreyfingarinnar og Kvinnalistsans. Munurinn er mikill, en skiljanlegur, þegar hreyfingarnar eru skoðaðar í sögulegu samhengi.

Eftir að kvenréttindahreyfingar höfðu legið í dvala um nokkurn tíma kom Rauðsokkahreyfingin fram á sjónarsviðið með miklum látum. Þær rugguðu ekki einungis bátum heldur hvolfdu þær honum með róttækum skoðunum á launamisrétti, ábendingum til samfélagsins um viðhorf til kvenna og undirokun þeirra á grundvelli kyns. Með tilkomu þeirra varð ákveðin umbreyting á íslenski kvennabaráttu. Hugmyndafræði þeirra og stefnuskrá var nýtt fyrirbæri á Íslandi. Fyrstu fjögur árin var Rauðsokkahreyfingin byggð á hugmyndum úr róttækum femínisma. Með stefnuyfirlýsingu þeirra árið 1974 varð þó breyting á því. Í yfirlýsingunni er skýrt tekið fram að þær töldu að ekki væri hægt að skilja sundur kvenfrelsisbaráttu og stéttabaráttu. Skiptar skoðanir eru um það hvort þessi leið Rauðsokkahreyfingarinnar hafi verið farsæl en hún er án efa vinsæl meðal sósíalískra femínista. Hins vegar varð þessi leið þess valdandi að konur og karlar áttu erfiðara með að samsama sig hreyfingunni. Með jafnsterka, einhliða og pólitíska stefnu og yfirlýsingin gaf til kynna, var stór hluti fólks útilokaður frá hreyfingunni. Fólk sem hafði ætlað að beita sér fyrir því að ná fram raunverulegu jafnrétti kynjanna, óháð stétt, stöðu og kyni, átti allt í einu enga samleið með hreyfingunni. Svo virðist sem Rauðsokkahreyfinginn hafi orðið flokkspólitískari með árunum. Í upphafi var hugmyndin innan hreyfingarinnar sú að allar konur ættu eitt sameiginlegt, og það var að þær voru undirokaðar í samfélaginu vegna kynferðis síns. Í lok tímabilsins voru áherslurnar breyttar; ný sósíalísk samfélagsgerð varð forsenda fyrir jafnrétti, ríkjandi samfélagsgerð hamlaði framförum í jafnréttisbaráttunni og gerði það

að verkum að allar konur voru undirokaðar. Andrúmsloftið í Þjóðfélaginu kallaði á nýjar hugmyndir, nýja kvenréttindahreyfingu og nýja hugmyndafræði til að taka við af Rauðsokkahreyfingunni. Í kjölfarið kom Kvennaframboðið fram á sjónarsviðið og einn angi þess varð síðan að Kvinnalistanum.

Tilkoma Kvinnalistsans hreyfði við ríkjandi hugmyndum stjórn mála. Með Kvennaframboðinu og Kvinnalistanum fengu konur hljómgrunn í sveitar-, bæjar- og borgarstjórnnum sem og á Alþingi. Hugmyndafræði Kvinnalistsans var frábrugðin Rauðsokkahreyfingunni að mjög mörgu leyti. Kvinnalistinn upphafði kvennamenningu og reynsluheim kvenna, sem var andstæða þess sem Rauðsokkahreyfingin gerði í byrjun. Rauðsokkahreyfingin hrópaði að konur væru líka menn en hugmyndafræði Kvinnalistsans gekk frekar út á að konur væru konur. Sú hugmyndafræði féll í kramið hjá fólki, einmitt vegna þess að hér var engin vinstri/hægri stefna á ferðinni, heldur kvenréttindahreyfing sem átti að ná til allra kvenna, og gerði það að mörgu leyti. Þessi hugmyndafræði var, eins og fram hefur komið, forsenda þess að konur náðu fram borgaralegum réttindum í fyrstu bylgjunni. Aftur á móti töldu Kvinnalistas konur, alla vega fyrst um sinn, að reynsluheimur kvenna væri til kominn vegna félagslegrar mótunar, hann væri ekki eðlislægur.

Grundvallarmunurinn á þessum tveimur hreyfingum, og baráttuaðferðum þeirra, var sá að Rauðsokkahreyfingin byggði hugmyndafræði sína á róttækum femínisma og seinna sósíalískum femínisma. Baráttuaðferðirnar voru róttækar, ógnandi, og þær hristu verulega upp í smáborgaralegu samfélagi. Rauðsokkar börðust utan kerfisins að mestu og reyndu að þrýsta á stjórnvöld til að tryggja jafnrétti. Kvinnalistinn hins vegar byggði hugmyndafræði sína á menningarfemínisma og reynsluheimi kvenna. Baráttuaðferðir þeirra voru róttækar, en þær voru ekki jafn ógnandi og Rauðsokkahreyfingin, enda hafði Rauðsokkahreyfingin þegar rutt brautina verulega, fyrir tíma Kvinnalistsans.

Þrátt fyrir ólíkar áherslur í jafnréttisbaráttu voru hreyfingarnar tvær líkar að mörgu leyti. Báðar létu þær sig varða sjálfsákvörðunarrétt kvenna, ofbeldi gegn konum og báðar vildu viðhorfsbreytingu gagnvart konum. Dagvistunarmál, launamál og atvinnumál voru þeim báðum hugleikin. Báðar hreyfingarnar voru róttækar og sammála um að félagsleg mótun kynja, kerfisbundin kúgun og ríkjandi viðhorf hamlaði konum á einhvern hátt.

Skiptir það þá einhverju máli hvernig baráttan fer fram og undir hvaða formerkjum hún er háð? Áður en ég hóf rannsóknarvinnu fyrir þessa ritgerð taldi ég það skipta miklu máli hvernig baráttan færi fram og undir hvaða formerkjum. Ég hef alla tíð haft óþol fyrir kvennamenningu og kvennapólitísku gildismati. Hins vegar skil ég núna betur hugmyndafræði Kvinnalistsans og ástæðuna fyrir komu hans. Ekkert verður til í tómarúmi og það sama á við um Rauðsokkahreyfinguna. Ég hef alltaf talið mig rauðsokk, og tel mig það enn að vissu leyti, en mér virðist báðar hreyfingarnar hafa haft sitthvað fram að færa, bæði fyrir þann samtíma sem þær voru sprottnar úr, og einnig fyrir tímann sem á eftir kom. Ég tel að án Rauðsokkahreyfingarinnar hefði Kvinnalistinn aldrei náð svona miklum árangri strax í upphafi. Einnig tel ég að án Kvinnalistsans hefðu konur þurft að bíða mun lengur eftir Neyðarmóttökunni á slyshadeild Borgarspítalans, konur væru ekki eins sjáanlegar á opinbera sviðinu eins nú er raunin og jafnvel eru viðhorf samfélagsins gagnvart hlutverkum kynjanna að breytast til hins betra. Báðar þessar hreyfingar náðu miklum árangri í jafnréttisbaráttunni.

Ég þarf ekki að vera sammála undir hvaða formerkjum árangurinn náðist, en ég þarf hins vegar að skilja hið sögulega samhengi því þannig þróast jafnréttisbaráttan og femínisminn. Í mínum huga er það skiljanlegt að reyna allar aðferðir til að ná fram raunverulegu jafnrétti í þjóðfélaginu. Rauðsokkahreyfingin og Kvinnalistinn voru, hvor á sinn hátt, liður í ákveðinni þróun og varla hægt að slíta aðra hreyfinguna frá hinni. Að þessu sögðu tel ég það ekki skipta máli hverjar baráttuaðferðirnar eru, svo lengi sem þær skila einhverjum árangri. Sögulegt samhengi skiptir gríðarlega miklu máli í kvennabaráttu, við þurfum að læra af sögunni til þess að næsta kynslóð geti lagt eitthvað nýtt til málanna og haldið áfram að þróast. Við höldum ótraud áfram að berjast fyrir fullu jafnrétti og tökum þá sem áður hafa barist fyrir jafnrétti til fyrirmyndar og virðum aðferðir þeirra og skoðanir. Þau áorkuðu miklu, eins og fram hefur komið, og það hefur mikil áhrif á komandi kynslóðir. Þau skilja einnig eftir sig þekkingu sem við hin getum tekið með okkur í veganesti í baráttunni í dag. Þrátt fyrir að margt hafi breyst til hins betra í jafnréttisbaráttunni er enn langt í land að mörgu leyti. Hafa ber í huga að það tekur 1000 ár fyrir dropann að hola steininn. Það sama virðist eiga við í baráttunni fyrir fullu jafnrétti. Grónum gildum og samfélagsgerð verður ekki snúið við á einni nóttu.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

„Afskipti kvenna af opinberum málum“, *19. júní* (Reykjavík 1917), bls. 17–19.

Alþingistíðindi (Reykjavík 1987)

Andersen, Margaret L, *Thinking about Women, Sociological Perspectives on Sex and Gender*. (Boston 2006, 7. útg.)

Auður Styrkársdóttir: „From social movements to political party: the new women’s movement in Iceland“, *The New women’s movement: feminism and political power in Europe and the USA*. Ritstjóri Drude Dahlerup (London 1986), bls. 140–157.

Auður Hildur Hákonardóttir, „Konan sem stendur bak við eldavélina þína gæti verið rauðsokka“, *Á rauðum sokkum. Baráttukonur segja frá*. Ritstjóri Olga Guðrún Árnadóttir (Reykjavík 2011), bls. 26–59

Auður Styrkársdóttir, *Jafnrétti og lýðræði?: konur og stjórnsmál á Norðurlöndum*, (Kaupmannahöfn 1999).

Auður Styrkársdóttir, „Mæðrahyggja: Frelsisafli eða kúgunartæki?“ *Íslenskar kvennarannsóknir, erindi flutt á ráðstefnu í október 1995*. Ritstjórar Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (Reykjavík 1997), bls. 272–279.

Ásta Kristjana Sveinsdóttir, „Fólkstegundir, um veitingu félagslegra eiginleika“, *Hugur, tímarit um heimspeki* (2009), bls. 52–56.

Beauvoir, Simone de, *The second sex*. Þýðing og ritstjóri H. M. Parshley (London 1997)

Bjarni Ólafsson, „Almennt um upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar og inntak“, *Samvinnan* (1971), bls. 14–17.

Bríet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið*: bók um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur byggð á bréfum hennar (Reykjavík 2006, 2. útg.).

Dagblaðið Vísir (Reykjavík 1982)

Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur: menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850–1903*. (Reykjavík 2011).

Fjallkonan (Reykjavík 1885).

Frá konu til konu: Saga, stefna, skipulag. Kvennalistinn. Umsjón Kristín A. Árnadóttir og fl. (Reykjavík 1984).

„Fyrirvinnuhugtakið“. *Forvitin rauð*. (1974), bls. 5–9.

Gestur Guðmundsson og Kristín Ólafsdóttir, *68 hugarflug úr viðjum vanans*. (Reykjavík 1987).

Guðrún Hallgrímsdóttir: „Við neitum að ganga inn í hefðina“, *Á rauðum sokkum. Baráttukonur segja frá*. Ritstjóri Olga Guðrún Árnadóttir (Reykjavík 2011), bls. 60–91.

Helga Kress, „Hverjir eru kvensamir? Athugasemdir um hugmyndafræði og tungumál“, *Kvennaframboðið* (1982), bls. 5.

Helga Ólafsdóttir: „Barátta Rauðsokka: Forðabúr femínismans“. *Á rauðum sokkum. Baráttukonur segja frá*. Ritstjóri Olga Guðrún Árnadóttir (Reykjavík 2011), bls. 92–126.

Herdís Helgadóttir, *Vaknaðu kona! Barátta rauðsokka frá þeirra eigin sjónarhóli* (Reykjavík 1996)

Hildur Hákonardóttir, *Já ég þori, ég get, ég vil. Kvennafrídagurinn 1975, Vilborg Harðardóttir og allar konurnar sem bjuggu hann til* (Reykjavík 2005)

Kristín Jónsdóttir: „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, *Kvennaframboð í Reykjavík og Kvennalisti 1982–1987*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir. (Reykjavík 2007).

Kvennablaðið (Reykjavík 1911)

Mill, John Stuart, Kúgun kvenna. Þýðing eftir Sigurð Jónsson. Ritstjórar Ólafur Páll Jónsson og fl. (Reykjavík 2003, 2. útg.).

Morgunblaðið (Reykjavík 1974, 1981, 1986, 1987, 1989).

Ólafur Ólafsson, *Olnbogabarnið. Um frelsi, menntun og rjettindi kvenna, fyrirlestur eptir Ólaf Ólafsson haldinn í Reykjavík um þingtímann 1891* (Reykjavík 1892)

Ragnhildur Helgadóttir, „„Selur þú þig í kvöld?““, *Sagnir* (1993), bls. 78–85.

Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930* (Reykjavík 2004).

Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil, Saga kvenréttindafélags Íslands 1907–1992* (Reykjavík 1993).

Sigríður Þorgeirsdóttir, „Er Mill róttækur femínisti?“, *Hugsað með Mill. Ritstjórar Róbert H. Haraldsson, Salvör Nordal og fl.* (Reykjavík 2002), bls. 103–113.

Sigríður Þorgeirsdóttir: „Er til kvennasiðfræði? Hugleiðingar um hugmyndir Carol Gillian um siðgæði kvenna og þýðingu þess fyrir hugmyndafræði íslenskrar kvennapólitíkur“. *Fléttur. Rit rannsóknastofu í kvennafræðum. Ritstjórar Ragnheiður Richter og Þórunn Sigurðardóttir* (Reykjavík 1994), bls. 9–35

Sigríður Þorgeirsdóttir, „Um meintan dauða femínisma“, *Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar. 2. hefti. Ritstjórar Guðni Elísson og Jón Ólafsson.* (Reykjavík 2002), bls. 77–101.

„Spurningar.... Svör“, *Samvinnan*, (1971), bls. 24.

Stjórnartíðindi 1975 A, lög nr. 25/1975.

„Yfirlýsing frá Kvennaframboðinu“. *Vera*, (1983), bls. 17.

Vilborg Sigurðardóttir: „Vitund vaknar - augu opnast. Rauðsokkahreyfingin 1970–1975“. *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi.* Ritstjórar Anna Agnarsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir og fl. (Reykjavík 2001), bls. 476–792.

Vísir (Reykjavík 1979)

Þjóðviljinn (Reykjavík 1970, 1973, 1974, 1977, 1978, 1979, 1982, 1983).

Þorgerður Einarsdóttir, „,Hið vísindalega er pólitískt“:Femínismi sem fræðikenning andófs og breytinga. ““, *Íslensk félagsfræði, landnám alþjóðlegrar fræðigreinar*. Ritstjórar Þóroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson (Reykjavík 2004), bls. 200-225.

Þorgerður Einarsdóttir, „Jafnrétti án femínisma-pólitík án fræða“, um þáttaskil í jafnréttisumræðu“, *Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar*, 2. hefti. Ritstjórar Guðni Elísson og Jón Ólafsson (Reykjavík 2002), bls. 9-36.

Þorgerður Einarsdóttir, „Kynjakerfið: úrelding í auglýsning eða viðvarandi kynjahalli?“, *Rannsóknir í félagsvísindum VII: félagsvísindadeild: erindi flutt á ráðstefnu í* október 2006. Ritstjóri Úlfar Hauksson (Reykjavík 2006), bls. 445-465.

Óútgefið efni

Kvinnasögusafn Íslands, „Kvennauppboð“, askja 203-4.

Kvinnasögusafn Íslands, Samþykkt þingmál Kvinnalista“, askja 400-1.

